



**Rannsóknarstöð þjóðmála**  
**Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands**

---

# Kynhlutverk

Viðhorf til kynbundinnar verkskiptingar

eftir

Kolbein H. Stefánsson

## ÚTDRÁTTUR

Í þessari ritgerð er fjallað um kynjaviðhorf Íslendinga og viðhorf þeirra til kynbundinnar verkskiptingar og leitast við að skýra þau. Greiningin byggir á fjölþjóðlegum samanburði og sundurgreiningu viðhorfa á Íslandi eftir aldri og kyni. Bæði eru greind viðhorf til kynhlutverka og kynbundinnar verkskiptingar en einnig eru kynnt gögn um hugmyndir Íslendinga um kynin og áhrif launavinnu kvenna á börn þeirra og fjölskyldur. Greiningin byggir á gögnum “The International Social Survey Programme” um fjölskyldulíf og breytt kynhlutverk sem var safnað árið 2002. Upplýsingar um Ísland byggja á sambærilegum gögnum sem var safnað árið 2005. Helstu niðurstöður eru þær að Íslendingar virðast almennt vera á þeirri skoðun að það eigi að draga úr verkskiptingu kynjana, en þó aðeins upp að vissu marki. Þessi afstaða skýrist m.a. af ríkri eðlishyggju í hugmyndum Íslendinga um óskir kynjana. Íslendingar virðast telja að verkskipting kynjana stýrist að umtalsverðu leyti af því að konur leggi amennt meiri áherslu á fjölskyldulíf og heimilishald en frama á vinnumarkaði.

## ABSTRACT

In this paper we examine gender attitudes in Iceland and attitudes towards the gendered division of labour. We offer tentative explanations of the findings. The analysis is based on international comparisons. The results for Iceland are also examined more closely in terms of sex and age. In addition to examining data on gender attitudes and attitudes towards the gendered division of labour we also present data on people's beliefs about the genders and the effects that women's paid work has on both their children and their families. The analysis is based data on families and changing gender roles that was collected by the International Social Survey Programme in 2002. The data on Iceland comes from a replication of the ISSP survey that was carried out in Iceland in 2005. The main conclusion is that there is a broad support for a more equal division of labour between the sexes, though only up to a point. The primary reason seems to be the prevalence of gender essentialism in the Icelandic people's beliefs about the sexes. A large proportion of the Icelandic respondents seems to think that the gendered division of labour is the result of women prioritising family-life above their careers.

## UM HÖFUND

Kolbeinn Stefánsson er sérfræðingur á Rannsóknarstöð þjóðmála, Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands, stundakennari við Félags- og mannvísindadeild Háskóla Íslands, og doktorsnemi í félagsfræði við Oxford háskóla.

# Kynhlutverk

## Viðhorf til kynbundinnar verkskiptingar

### 1. INNGANGUR

Skipting verka á milli kynjana á Vesturlöndum einkenndist stærstan hluta 20. aldarinnar af því sem kalla má fyrirvinnuskipting fjölskyldulífsins. Í því fólst að vinnumarkaðurinn var að mestu vettvangur karla en heimilið og fjölskyldan vettvangur kvenna. Á öfanverðri 20. öld urðu umtalsverðar breytingar á þessu fyrirkomulagi sem endurspegluðist í aukinni vinnumarkaðspátttöku kvenna og breyttum áherslum í stefnumótun um fjölskyldumál (Guðný Eydal 2005). Þessar breytingar eru í samræmi við þróunina víðast á Vesturlöndum (Crouch 1999). Á sama tíma breyttist hugarfar fólks á þann veg að Íhaldssamari sjónarmið viku fyrir frjálslyndari og nútímalegri viðhorfum. Það er ekki lengur talið sjálfgefið að hlutverk kvenna sé að sinna börnum og heimili og hlutverk karla sé fyrst og fremst að afla tekna. Þó virðist sem hlutverk karla hafi breyst minna en hlutverk kvenna.<sup>1</sup>

Þrátt fyrir að þessar breytingar hafi verið umtalsverðar er langt frá því að fyrirvinnuskiptingin sé horfin með öllu úr vestrænum þjóðfélögum. Ein vísbending um það er að allstaðar á Vesturlöndum er hærra hlutfall kvenna en karla sem tileinkar sig heimilishaldi að mestu eða öllu leyti (Crompton, Brockman og Lyonette 2005; Shelton og John 1996). Þetta hefur bæði kosti og galla í för með sér fyrir stöðu kvenna. Erlendar rannsóknir benda t.d. til þess að húsmóðurhlutverkið dragi úr ýmsum neikvæðum áhrifum atvinnuleysis á konur. Húsmóðurhlutverkið er jákvæðari forsenda sjálfsmyndar og nýtur meiri viðurkenningar í samfélaginu en hlutverk hins atvinnulausa (Warr 1987). Á hinn bóginn getur húsmóðurhlutverkið líka verið kvöð fyrir konur, enda þykir enn

---

<sup>1</sup> Lesendum er þó bent á nýlega bók í ritstjórn Guðnýjar Eydal og Ingólfs V. Gíslasonar (2008) þar sem gert er grein fyrir rannsóknum á áhrifum fæðingarorlofs fedra. Þar kemur m.a. fram að íslenskir karlmenn hafa verið ófeimnir við að nýta sér réttindi sín til fæðingarorlofs með þeim afleiðingum að þeir taka aukinn þátt í umönnun barna sinna eftir að orlofinu lýkur. Kafli Ingólfs er sérstaklega áhugaverður í þessu samhengi þar sem fram koma vísbendingar um að hugmyndir um að aukin þátttaka í umönnun barna ógni sjálfsmynd karla séu ekki á rökum reistar. Á hinn bóginn tala sumir kvenkyns viðmælendur Ingólfs um að þær eigi bággt með að sleppa takinu og treysta föðurnum fyrir þessu nýja hlutverki.

sjálfsagðara að konur, fremur en karlar, fórnir starfsframa sínum vegna þarfa heimilisins (Crompton 2006).

Það er margt sem bendir til að það jafnfréttispróuninni miði hægar en vonir stóðu til. Rannsóknir benda til að ekki hafi tekist að eyða kynbundnum launamuni (Capacent 2006). Þá hefur verkskipting kynjana breyst fremur hægt. Bæði þessi dæmi endurspeglar að kyn hefur enn umtalsverð áhrif á möguleika fólks í lífinu. Það er löng hefð fyrir því í félagsvísindum að líta á val fólks sem vísbendingu um óskir þess (Samuelson 1948; Hakim 1996 og 2003). Þrátt fyrir það er ástæða til að fara varlega í að draga ályktanir um viðhorf Íslendinga til jafnréttismála út frá slíkum upplýsingum, enda er það svo að val fólk stýrist ekki alfarið af óskum þess heldur hafa aðstæður og ýmsir aðrir þættir áhrif (Lukes 1968; Stocker 1990, kafli 1; Elster 1983). Sem dæmi má nefna að aukið álag á vinnustöðum á undanförunum árum vegna harðnandi samkeppni og aukinna arðsemiskrafna hefur víða valdið því að verkskipting hefur færst aftur í hefðbundnara form, ekki síst á meðal frjálslyndra para (Crompton og Harris 1997).

Það er mikilvægt að kanna hvort val fólks séu í samræmi við viðhorf þess, enda hefur svarið hefur talsverð áhrif á hvaða úrræði eru líkleg til árangurs við að jafna stöðu kynjana. Spurningin er hvort aukið jafnrétti kalli á almenna viðhorfsbreytingu eða hvort við þurfum fyrst og fremst að einbeita okkur að því að ryðja úr vegi hindrunum sem koma í veg fyrir að fólk velji í samræmi við frjálslynd og jafnréttissinnuð viðhorf sem það hefur nú þegar.

Í þessari grein munum við því greina viðhorf fólks til kynhlutverka og annarra þátta sem lúta að hafa áhrif á verkskiptingu kynjana. Á meðal þeirra eru hugmyndir fólks um hvað það er sem konur sjálfar vilja og hugmyndir um áhrif vinnnumarkaðspátttöku kvenna á börn þeirra og fjölskyldur. Það skal tekið fram að markmiðið er ekki að leggja mat á hvort þessar hugmyndir eigi sér stöðir í raunveruleikanum. Ætlunin er aðeins að skoða útbreiðslu þeirra í samfélaginu, enda geta hugmyndir haft áhrif á hegðun fólks óháð því hvort þau byggja á staðreyndum eða ekki (Merton 1995).

Það má ætla að viðhorf fólks mótist af fjölda þátta. Í þessari greiningu leggjum við sérstaka áherslu á að skoða tengsl viðhorfa við kyn og aldur. Það

skiptir miklu máli að kanna hve mikill munur er á viðhorfum karla og kvenna til kynhlutverka. Samkvæmt sumum kenningum er verkskiptingin áttakapóll á milli kynjana, þar sem hagsmunir kvenna eru að auka hlut sinn á vinnumarkaði en hagsmunir karla felast einna helst í því að halda konum á heimilinu, bæði sem ókeypiss vinnuafli og til að draga úr samkeppni á vinnumarkaði (Folbre og Hartman 1989; Hartman 1981; Sokoloff 1980). Samkvæmt þessu ættu sjónvarmið karla almennt að vera hefðbundnari en sjónarmið kvenna.

Þá er ástæða til að rýna vandlega í viðhorf kvenna. Því hefur verið haldið fram að val kvenna endurspegli fyrst og fremst óskir þeirra (Hakim 1996). Samkvæmt því sjónarhorni er það einfaldlega svo að stór hluti kvenna hefur meiri áhuga á barnauppleði og heimilisstöfum en þær hafa á starfsframa. Vafalítið hafa óskir kvenna áhrif á hlutverkaskipan kynjana en það er hæpið að ætla að það sé það eina sem skiptir máli. Því er mikilvægt að greina að hve miklu leyti val kvenna ræðst af óskum þeirra og að hve miklu leyti aðstæður, hagsmunir annarra fjölskyldumeðlima, og aðrir félagslegir, fjárhagslegir og menningarlegir þættir hafa áhrif. Þá er sambandið á milli vals og viðhorfa flókið og margt bendir til að þegar aðstæður knýja fólk til að velja það sem það lítur á sem síðri kosti þá fylgi gjarnan viðhorfsbreyting í kjölfarið þar sem viðhorf fólks færast í áttina að því sem það hefur þegar valið (Crompton og Harris 1998), enda er oft auðveldara að breyta viðhorfum og aðstæðum.

Þau gögn sem við erum að vinna með eru þversniðsgögn og því bjóða þau okkur ekki upp á að greina breytingar yfir tíma. Jafnframt eru ekki til sambærileg gögn um viðhorf fólks til kynhlutverka frá fyrri árum og því getum við ekki sagt margt um hvernig þessi viðhorf hafa þróast yfir tíma. Tengsl aldurs og viðhorfa gefa okkur þó vissar vísbendingar um hver þróunin er.

Þegar viðhorf breytast í þjóðfélögum gerist það bæði vegna þess að einstaklingar breyta afstöðu sinni og vegna þess að viðhorf yngri kynslóða eru frábrugðin viðhorfum eldri kynslóða. Viðhorfsbreytingar einstaklinga taka gjarnan skemmri tíma en ganga þó yfirleitt skemur en viðhorfsbreytingar vegna kynslóðaskipta (Abramson og Inglehart 1992). Viðhorfsbreytingar vegna kynslóðaskipta eru tilkomin vegna þess að viðhorf fólks mótast að miklu leyti af


þeim tíðaranda og árferði sem ríkir á uppvaxtarárum þess. Þegar meðlimir eldri kynslóða deyja taka þeir viðhorf sín með sér og í þeirra stað koma yngri kynslóðir með önnur viðhorf. Þetta mynstur gefur vissa vísbendingu um hvernig viðhorf koma til með að þróast á komandi árum. Þessi tengsl eru þó flókin og því verður að fara varlega í að draga ályktanir af þeim. Fyrir það fyrsta getum við ekki sagt fyrir um hvaða breytingar eiga eftir að eiga sér stað á viðhorfum einstaklinga. Í annan stað er ekki sjálfgefið að sú þróun sem hefur átt sér stað á milli kynslóða fram til þessa haldi áfram óbreytt. Til dæmis benda flestar rannsóknir til að á undanförunum áratugum hafi hver ný kynslóð verið frjálslýndari en sú á undan (Ibid). Nýlegar rannsóknir frá Íslandi benda þó til að þessi þróun kunni að vera snúast við þar sem yngstu kynslóðirnar virðast ögn hefðbundnari og íhaldssamari en þær á undan (Þóroddur Bjarnason og Andrea Hjálmsdóttir 2008). Ef slíkur viðsnúningur hefur átt sér stað er hinsvegar ljóst að það mun taka langan tíma fyrir hann að koma fram í viðhorfsmælingum enda eru viðhorfsbreytingar vegna kynslóðaskipta gjarnan hægfara.

## 2. HLUTVERK KYNJANA

Framan af 20. öldinni var fyrirvinnumódelið ríkjandi á Íslandi. Hlutverk karla var að afla heimilinu tekna en hlutverk kvenna að sinna þörfum fjölskyldumeðlima innan veggja heimilisins. Auðvitað voru mýmörg frávík frá þessu módeli í reynd. Það dregur þó ekki úr vægi þess þar sem það var ein af hugmyndafræðilegum forsendum félagsgerðarinnar og hafði sem slík mikil áhrif á alla stefnumótun hins opinbera sem og einkaaðila og þar með á líf fólks (Guðný Eydal 2005). Þegar leið á 20. öldina jókst hinsvegar vinnumarkaðspátttaka kvenna og viðhorf breyttust á sama tíma í áttina að auknu jafnræði kynjana á vinnumarkaði. En hve langt hefur sú þróun í raun náð?

Þrátt fyrir að geta ekki sagt fyrir um að hve miklu leyti þessi viðhorf hafa breyst á Íslandi þá bjóða gögnin upp á að við berum okkur saman við önnur lönd. Hér verður að setja aðferðafræðilega fyrirvara um að samanburður á viðhorfum á milli landa er háður ýmsum vandkvæðum (Kuechler 1987 og 1998; Jowel 1998). Engu að síður má líta á það sem vissa vísbendingu hvar Ísland raðast á meðal

**Mynd 1: Alþjóðlegur samanburður:**  
 Það er hlutverk karla að afla tekna og hlutverk kvenna að sjá um heimili og börn  
 - hlutfall svarenda sem var annaðhvort frekar eða mjög sammála



sambærilegra þjóða. Í mynd 1 sjáum við hlutfall svarenda í mismunandi löndum sem eru frekar eða mjög sammála fullyrðingu um að hlutverk karla sé að afla tekna en hlutverk kvenna sé að sjá um heimili og börn. Spurningin á að mæla afstöðu fólks til hefðbundinna kynhlutverka. Á myndinni sjáum við að Ísland er nærri miðjunni í þessum samanburði. Hin Norðurlöndin eru fyrir ofan okkur og raða sér í fjögur af fimm efstu sætum ásamt Hollandi. Ísland er hinsvegar á svipuðu róli og flest engilsaxnesku löndin. Írland er einu sæti fyrir ofan okkur en í næstu sætum á eftir okkur eru Bretland, Nýja Sjáland, og Ástralía. Það sem einkennir þau lönd er að mikil áhersla er lögð á kynjajafnrétti í orði en sú tilhneiging til afskiptaleysisstefnu sem er ríkjandi í stjórnámálum þessara landa veldur því að staða kvenna er almennt bág samanborið við stöðu karla. Sem dæmi má nefna að skortur á dagvistarúrræðum veldur því að einstæðar mæður festast gjarnan í fáttæktargildrum þar sem það er bæði dýrt og erfitt að fá dagvistun fyrir börn (Scott o.fl. 2002). Staða kvenna í hjúskap er ögn betri, en engu að síður er stór hluti þeirra fastur í illa launuðum hlutastörfum til að geta

sinnt heimilum sínum og fjölskyldum. Það hefur umtalsverð áhrif á stöðu þeirra, bæði inni á heimilum og á vinnumarkaði (Tam 1997; Jacobs 1989; O'Riley og Fagan 1998, kafli 9; Rosenfeld og Birkelund 1996; Fagan og Rubery 1996).

Þegar við skoðum muninn á milli kynja má glögglega sjá að sjónarmið karla eru íhaldssamari en sjónarmið kvenna í öllum samanburðarlöndunum. Munurinn á milli viðhorfa kynjanna er þó með minnsta móti á Íslandi. Aðeins í austur hluta Þýskalands er munurinn minni. Mestur er munurinn hins vegar í Frakklandi. Ef löndin væru flokkuð eftir viðhorfum karla eingöngu væru Frakkar 4. íhaldssamasta þjóðin í samanburðinum. Ef aðeins væri horft til viðhorfa kvenna myndu Frakkar færast upp um eitt sæti á listanum, eða úr 7. sæti í það sjötta. Það er líka athyglivert að í Svíþjóð og Noregi, þeim tveimur löndum sem tróna í efstu sætum þessa samanburðar er hlutfallslega mestur munur á viðhorfum kynjanna. Karlmenirnir í þessum löndum eru engu að síður þeir frjálsslyndustu af körlum landanna allra.

Ef aðeins væri horft til viðhorfa karla þá myndi Ísland færast upp tvö sæti á listanum, úr því níunda í það sjöunda. Ef við skoðum einungis viðhorf kvenna myndum við hinsvegar færast niður í það ellefta. Í þessu fjölþjóðlega samhengi virðast íslenskir karlmenn vera í frjálsslyndari kantinum en íslenskar konur eru nærri miðgildinu. Hvað sem stöðu Íslendinga í alþjóðlegu samhengi líður þá er hinsvegar rétt að halda því til haga að samkvæmt þessari mælingu nýtur hefðbundin verkskipting ekki mikils stuðnings á Íslandi. Aðeins 19,3% svarenda eru frekar eða mjög sammála staðhæfingunni, samanborið við 75,2% sem eru ósammála henni.

Í töflu 1 eru dreifing svara íslensku svarendanna skoðuð nánar. Heildardreifing kynjanna er nokkuð svipuð. 20,4% karlmanna er annaðhvort nokkuð eða mjög sammála staðhæfingunni, samanborið við 18,3% kvenna, en 73,2% karla voru annaðhvort frekar eða mjög ósammála henni, samanborið við 77% kvenna. Flestir svarendur eru því frjálsslyndir í skoðunum sínum á hefðbundnum kynhlutverkum. Samkvæmt þessu eru íslenskar konur ívið frjálsslyndari en íslenskir karlar, þó munurinn sé ekki mikill. Þegar dreifingin er skoðuð nánar kemur hinsvegar í ljós að afstaða kvenna er mun meira afgerandi



**Tafla 1: Það er hlutverk karla að afla tekna og hlutverk kvenna að sjá um heimil og börn: Greint eftir kyni og aldri.**

	Mjög Sammála	Frekar sammála	Hvorki né	Frekar ósammála	Mjög ósammála
<b>Bæði kyn</b>	<b>13,1%</b>	<b>6,2%</b>	<b>5,5%</b>	<b>25,1%</b>	<b>50,1%</b>
<b>Karlar</b>	<b>11,4%</b>	<b>9,0%</b>	<b>6,4%</b>	<b>28,3%</b>	<b>44,9%</b>
18-30 ára	5,7%	3,8%	3,8%	34,0%	52,8%
31-40 ára	10,8%	6,2%	7,7%	24,6%	50,8%
41-50 ára	4,6%	9,2%	4,6%	34,5%	47,1%
51-60 ára	16,0%	8,0%	10,7%	24,0%	41,3%
61-70 ára	20,0%	18,2%	1,8%	27,3%	32,7%
<b>Konur</b>	<b>14,6%</b>	<b>3,7%</b>	<b>4,7%</b>	<b>22,2%</b>	<b>54,8%</b>
18-30 ára	7,1%	1,8%	3,6%	23,2%	64,3%
31-40 ára	15,3%	5,6%	1,4%	19,4%	58,3%
41-50 ára	21,2%	1,2%	3,5%	17,6%	56,5%
51-60 ára	15,2%	3,3%	5,4%	21,7%	54,3%
61-70 ára	10,5%	6,6%	9,2%	30,3%	43,4%

en afstaða karla. Hærra hlutfall karla en kvenna eru annaðhvort frekar sammála eða frekar ósammála en hærra hlutfall kvenna er mjög sammála eða mjög ósammála. Það þýðir að hvort sem konur eru íhaldssamar eða frjálslyndar þá hafa þær tilhneigingu til að hafa meira afgerandi afstöðu en skoðanabræður þeirra. Þá er ekkert í þessum tölum sem bendir til þess að viðhorf karla séu það frábrugðin viðhorfum kvenna að sjónarmið þeirra fyrrnefndu séu sérstakur tálmi á jafnréttisbrautinni. Hér ber þó að hafa í huga að það er vel mögulegt að aðhyllast jafnréttissjónarmið um verkskipingu kynjana almennt en að vera samt ekki tilbúinn til að gera þær breytingar sem þarf í eigin lífi til að jafna verkskiptingu við makann.

Þegar dreifingin er sundurgreind eftir kyni og aldri benda tölurnar til þess að nokkuð sterkt samband sé á milli aldurs karlmanna og skoðana þeirra. Hlutfall þeirra karla sem eru annaðhvort frekar eða mjög sammála er í flestum tilfellum hærra í eldri aldurshópum en í þeim yngri. Þó er rétt að geta þess að hlutfallið er lægra í aldurshópinum 41-50 ára en það er í 31-40 ára aldurshópnum. Jafnframt

hafa fleiri karlar í síðarnefnda hópnunum afgerandi skoðanir á málinu (þ.e. mjög sammála eða mjög ósammála). Það er einnig athyglivert að hlutfall kvenna sem er mjög sammála hefðbundinni verkskiptingu vex fram að miðjum aldri en lækkar aftur eftir það. Mynstrið er það sama ef horft er til þeirra kvenna sem eru frekar eða mjög sammála, þó það sé ekki jafn afgerandi. Hjá báðum kynjum eru svarendur í yngsta aldursbilinu frjálslyndastir.

Almennt er því haldið fram að yngri kynslóðir séu frjálslyndari en þær eldri. Tölurnar í töflu 1 sýna þó flóknari mynd af tengslum aldurs og gildismats. Gildismat virðist vera háð fleiri þáttum en aldri einum saman. Til að mynda getur verið að einhverjar aðstæður sem eru algengar á aldursbilunum frá 31-50 ára hafi þau áhrif að ýta undir íhaldssamt gildismat. Til dæmis er ekki óhugsandi að fjölskylduaðstæður setji fólki skorður um hvernig það hagar lífi sínu sem leiði til þess að fólk aðlagar sjónarmið sín að þessum aðstæðum, eins og rætt var um hér að ofan.

Í töflu 2 sjáum við að hlutfall barnlausra heimila lækkar snarlega þegar komið er í aldurshópin 31-40 ára. Það sama á við um meðalfjölda barna undir 16 ára aldri á heimili. Hlutfall barnlausra heimila hækkur lítillega á aldursbilinu 41-50 ára, en meðalfjöldi barna undir 16 ára lækkar ögn meira. Á heildina litið benda tölurnar þó til þess að aldursbilin frá 30-50 ára séu sá tími lífsins þegar uppeldi barna skilgreinir heimilislífið. Þessi tvö aldursbil eru þó frábrugðin að því leyti að börnin eru að jafnaði yngri hjá foreldrum á yngri aldursbilinu, eins og lög gera ráð fyrir, en það má ætla að aldur barna skipti ekki síður máli en fjöldi þeirra hvað varðar möguleika foreldra þeirra á að haga lífi sínu í samræmi við eigin óskir.

**Tafla 2: Barneignir og streita af völdum heimilislífs**

	Barnlaus	Meðalfjöldi barna á heimili	Streita v. heimilislífs	Streita Karlar	Streita Konur
18-30 ára	43,1%	0,80	22,2%	18,9%	25,5%
31-40 ára	18,1%	1,78	32,1%	29,7%	34,2%
41-50 ára	23,4%	1,34	22,5%	12,6%	32,6%
51-60 ára	79,0%	0,32	20,2%	19,5%	20,9%
61-70 ára	96,2%	0,70	20,2%	16,9%	22,4%

Barneignum fylgja bæði breytingar og aukið álag sem setja fólki skorður um hvernig það ver tíma sínum. Þessar breytingar geta hæglega ýtt undir íhaldssemi bæði í verkskiptingu og viðhorfum, þ.e. að fleiri konur sæju kosti þess að geta einbeitt sér að mestu eða alfarið að fjölskyldunni og fleiri karlmenn sæju kosti þess að konur þeirra gerðu það, enda fríar það þá undan heimilisverkum svo þeir gætu meira einbeitt sér að launuðu starfi sínu. Á þann hátt getur fólk náð samræmi á milli vals og viðhorfa og dregið úr árekstrum á milli heimilis og vinnu.

Í ljósi þess að konur bera enn að mestu ábyrgð á heimilishaldi og umönnun barna má gera ráð fyrir að áhrif barneigna á val og viðhorf kvenna vari lengur en karla, þ.e. að áhrifin á karla vari fyrst og fremst á meðan börnin eru ung. Til dæmis kann að vera að karlar verji meiri tíma til vinnu á meðan ung börn eru á heimilinu til að mæta tekjutapi vegna minni vinnu móðurinnar og aukinni útgjaldþörf heimilisins (Crompton, Brockman og Lyonette 2005; Presser 1994). Þegar frá líður eykst atvinnuþátttaka mæðra aftur. Guðný Eydal (2008) hefur t.a.m. sýnt fram á að konur sem eignast fyrsta barn ná sömu atvinnuþátttöku og þær höfðu fyrir barnsburð um tveimur árum eftir hann, að því gefnu að þær eignist ekki annað barn á því tímabili. Það gefur feðrum færi á að draga aftur úr vinnu og ná einhverskonar jafnvægi á milli vinnu og heimilis. Konur bera hinsvegar þungann af heimilishaldinu svo það aukna álag sem fylgir barneignum hefur því hlutfallslega meiri áhrif á konur. Minni þátttaka karla í heimilishaldinu þýðir hinsvegar að konur ná ekki sama jafnvægi og karlar á milli vinnu og heimilis þegar börnin eldast. Síðustu tveir dálkar töflunnar styðja þessa túlkun, en þeir sýna hlutfall þeirra sem telja fjölskyldulíf sitt vera uppsprettu streitu. Hlutfallið er hærra fyrir karlmenn á milli 31 og 40 ára en snarlækkar í næsta aldursbili á eftir. Hlutfallið hækkar hjá konum yfir 30 ára og lækkar ekki aftur fyrr en eftir 50 ára aldurinn, sem einnig er það aldursbil þegar börn flestra eru að ná fullorðinsaldri og flytja að heiman.

Upplýsingarnar hér að ofan benda til þess að tengsl séu á milli barneigna, uppeldis og viðhorfa til hefðbundinna kynhlutverka. Það vekur spurningar um að hve miklu leyti frjálslýnd afstaða til kynhlutverka er háð þeim fyrirvara að engin börn séu á heimilinu, þ.e. að umönnun barna sé enn talið verkefni kvenna fremur

en karla. Í töflu 3 sjáum við greiningu á viðhorfum til atvinnuþátttöku kvenna eftir því hvort það eru börn á heimilinu og á hvaða aldri þau eru.

Tölurnar í töflunni benda til þess að að fólk telji almennt að móðurhlutverkið eigi að hafa forgang í lífi kvenna. Langflestum sverendum þykir eðlilegt að konur séu í fullu starfi fyrir barneignir og eftir að börnin eru flutt að heiman. Almennt virðist fólk þeirrar skoðunar að konur eigi að draga úr vinnu í kjölfar barneigna og jafnvel eftir að yngsta barnið hefur hafið skólagöngu. Þetta á við um bæði kynin.

Barneignum og uppeldi fylgir álag sem ýtir undir að annaðhvort foreldrið þarf að draga úr vinnu. Það eru ýmsar ástæður fyrir því að það er gjarnan konan, t.d. tregða karla til að draga úr vinnu (Brines 1993), takmarkaður skilningur vinnuveitenda fyrir þátttöku karlanna á heimil (Crompton, Brockman og


**Tafla 3: Finnst þér að konur eigi að vinna utan heimils fulla vinnu, hluta úr degi eða ekki vinna utan heimilis**

	Fulla vinnu	Hluta úr degi	Ekki vinna
<i>Eftir giftingu en fyrir barneignir</i>			
<b>Allir</b>	80,5%	17,6%	1,9%
Karlar	73,7%	22,8%	3,5%
Konur	86,3%	13,2%	0,6%
<i>Þegar barn undir skólaaldri er á heimilinu</i>			
<b>Allir</b>	22,4%	59,9%	17,6%
Karlar	21,7%	58,2%	20,1%
Konur	23,1%	61,4%	15,6%
<i>Eftir að yngsta barnið byrjar í skóla</i>			
<b>Allir</b>	38,1%	55,4%	6,5%
Karlar	37,3%	54,2%	8,5%
Konur	38,8%	56,3%	4,9%
<i>Eftir að börn eru flutt að heiman</i>			
<b>Allir</b>	85,9%	13,5%	0,6%
Karlar	84,6%	15,1%	0,3%
Konur	87,0%	12,1%	0,9%

Lyonette 2005), auk þess sem kynbundinn launamunur veldur því að í flestum tilfellum er fjárhagslega hagkvæmast fyrir fjölskylduna að konan sé sá aðili sem dregur úr vinnu (Presser 1994; Shelton og John 1993; Drobnic, Blossfeld og Rohwer 1999). Þá má ætla að hin hefðbundna hlutverkaskipan kynjana lifi enn í hugmyndum fólks og valdi því að það virðist “náttúrulegt” að ef annar aðilinn þurfi að draga úr vinnu sé það konan. konan dragi úr vinnu (Shelton 1992; Brines 1994).

### 3. ÓSKIR KVENNA

Breski félagsfræðingurinn Catherine Hakim hefur haldið því fram að verkskipting kynjana endurspegli óskir kvenna fremur en efnahagslegan eða félagslegan þrýsting eða mismunun (1996). Samkvæmt Hakim hefur stór hluti kvenna einfaldlega meiri áhuga á heimilisstörfum og barnauppeldi. Hér að ofan sáum við að bæði konur og karlar eru þeirrar skoðunar að konur eigi að draga úr vinnu í kjölfar barneigna. Þá sáum við að munurinn á milli kynjana varðandi afstöðu til



kynhlutverka er ekki mikill. Það er því mikilvægt að kanna frekar afstöðu kvenna til húsmóðurhlutverksins. Þá er ekki síður mikilvægt að kanna hve margir eru á sömu skoðun og Hakim. Því fleiri sem telja að verkskipting kynjana endurspegli óskir kvenna því færri telja að verkskiptinguna sé óréttlát.

Í mynd 2 sjáum við hlutfall svarenda í mismundandi löndum sem eru frekar eða mjög sammála staðhæfingu þess efnis að flestar konur vilji eignast heimili og börn frekar en að sækjast eftir frama á vinnumarkaði. Mælingin er vísbending um hve ríkjandi hefðbundnar staðalmyndir um kynin eru í hugarfari þjóðanna. Niðurstöðurnar eru nokkuð afgerandi. Af öllum samanburðarlöndunum virðist hefðbundnar staðalmyndir hafa hvað mest ítök í hugarfari Íslendinga. Þá er athyglivert að hærra hlutfall kvenna en karla er frekar eða mjög sammála fullyrðingunni.

Í töflu 4 hér að neðan sundurgreinum við svör Íslendinga eftir kyni og aldri. Til að forðast misskilning er rétt að taka fram að svör kvenna endurspeгла ekki endilega hvernig þær myndu velja fyrir sjálfar sig. Spurningin snýst um hvað

**Tafla 4: Það er í lagi að vinna launuð störf,  
en í rauninni vilja flestar konur eignast heimili og börn**


	Mjög sammála	Frekar sammála	Hvorki né	Frekar ósammála	Mjög Ósammála
<b>Allir</b>	33,0%	32,6%	9,8%	12,8%	11,9%
<b>Karlar</b>	29,9%	33,3%	11,3%	13,5%	11,9%
18-30 ára	18,8%	37,5%	10,4%	22,9%	10,4%
31-40 ára	24,6%	29,2%	15,4%	13,8%	16,9%
41-50 ára	23,5%	38,3%	12,3%	11,1%	14,8%
51-60 ára	42,4%	27,3%	6,1%	13,6%	10,6%
61-70 ára	38,0%	34,0%	14,0%	10,0%	4,0%
<b>Konur</b>	35,7%	31,9%	8,5%	12,1%	11,8%
18-30 ára	26,8%	23,2%	7,1%	25,0%	17,9%
31-40 ára	35,3%	32,4%	5,9%	8,8%	17,6%
41-50 ára	32,1%	29,5%	7,7%	15,4%	15,4%
51-60 ára	41,6%	30,3%	11,2%	10,1%	6,7%
61-70 ára	38,0%	43,7%	9,9%	4,2%	4,2%

svarendur telji að megin þorri allra kvenna vilji. Það er því engin mótsögn fólgin í því að kona sem er mjög fráhverf barneignum og heimilisstörfum sé frekar eða mjög sammála fullyrðingunni, enda telji hún þetta raunsanna lýsingu á gildismati annarra kvenna.<sup>2</sup>

Tölurnar benda til þess að stór hluti svarenda sjái þetta sömu augum og Hakim. Það er athyglisvert að ögn hærra hlutfall kvenna en karla (67.6% samanborið við 63.2%) telur konur kjósa fjölskyldulíf umfram launaða vinnu. Það bendir til þess að fólk telji verkskiptingu kynjana að einhverju leyti vera í samræmi við óskir fólks. Tengsl aldurs og afstöðu er í samræmi við væntingar. Því eldra sem fólk er, því líklegra er að það telji konur vilja tileinka sig heimilinu.

Það er fróðlegt að bera þessar tölur saman við hugmyndir sem konur hafa sjálfar. Mynd 3 sýnir hlutfall kvenkyns svarenda í mismunandi löndum sem eru

**Mynd 3: Að vera heimavinnandi húsmóðir veitir jafn mikla lífsfyllingu og að vinna fyrir kaupi (hlutfall kvenkyns svarenda sem eru frekar eða mjög sammála)**



<sup>2</sup> Yfirleitt umgengst fólk meira af fólki af sama kyni og konur ættu því alla jafnan að hafa betri aðgang að upplýsingum um afstöður annarra kvenna en karlar (McPherson o.fl. 2001). Þó verður að hafa í huga að félagsleg tengsl fólks myndast ekki af handahófi sem getur auðveldlega leitt til að svarendur hafi skekkt mynd af stöðu mála. Þá má einnig ætla að afstaða kvenkyns svarenda hafi áhrif á mat þeirra með einhverjum hætti. Því miður er ekki að finna neinar leiðir til að meta slíkar skekkjur í gögnum okkar en við verðum engu að síður að hafa þær í huga við túlkun þeirra.


frekar eða mjög sammála fullyrðingu þess efnis að húsmóðurhlutverki veiti jafn mikla lífsfyllingu og launuð vinna. Þessi mæling gefur vísbendingu um að hve miklu leyti íslenskar konur aðhyllast hefðbundna verkskiptingu kynjana hvað þær sjálfar varðar. Íslenskar konur skipa sér í röð hefðbundnari kvenna í þessum alþjóðlega samanburði. Þetta er vísbending um að hugmyndir Hakim eigi að einhverju leyti við rök að styðjast í íslensku samfélagi. Hinsvegar er rétt að fara varlega í að túlka hlutföll svarenda við þessari spurningu. Fullyrðingin er varfærnislega orðuð og því má ætla að meira afgerandi fullyrðing myndi njóta minni stuðnings. Það dregur hinsvegar ekki úr gildi samanburðarins þar sem endurorðun spurningarinnar á meira afgerandi hátt myndi að öllum líkindum hafa svipuð áhrif í öllum samanburðarlöndunum.

Atvinnuþátttaka kvenna og launajafnrétti hafa verið tvö af lykil málunum í jafnréttisbaráttu kynjana fram til þessa. Rannsóknir hafa sýnt að fjármunum er oftast en ekki skipt ójafnt á milli fjölskyldumeðlima. Karlar verja stærri hluta tekna sinna í sjálfa sig á meðan tekjur kvenna eru líklegri til að renna til fjölskyldunnar (Phipps and Burton 1998). Það er ekki langsótt að kynbundinn launamunur hafi eitthvað með þessa skiptingu að gera. Í markaðssamfélagi eins og því sem Íslendingar búa við ráða fjárráð fólks miklu um möguleika þeirra til þátttöku í samfélaginu og til að nýta það frelsi og þau tækifæri sem sú þjóðfélagsskipan hefur upp á að bjóða (Cohen 1989; Rawls 1971; Dworkin 2000). Þar sem atvinna er helsta leiðin til að afla tekna í slíkum þjóðfélögum má ætla að atvinnuþátttaka kvenna sé mikilvæg leið til að tryggja að konur njóti tækifæra og frelsis í samfélaginu til jafns við karla. Ákvarðanavald innan fjölskyldna og verkskipting á heimilum ráðast í mörgum tilfellum að hluta af þeim tekjum sem einstaklingar leggja til heimilisins (Brines 1993). Fyrir vikið er atvinnuþátttaka kvenna lykil þáttur í að jafna stöðu þeirra inn á heimilinum.

Á hinn bóginn myndi atvinnuþátttaka skipta minna máli í þjóðfélagi þar sem þátttaka í samfélaginu og verkskipting innan heimila ræðst ekki af fjárhag. Slíkt samfélag væri t.d. þjóðfélag þar sem töluverður munur á er lífsmynstrum kynjana, líkt og það er á Íslandi í dag, en framlag kvenna bæði á vinnumarkaði sem og utan hans væri metið til jafns við framlag karla. Slíkt samfélag fyrirfinnst



Mynd 4: Besta leið konu til að vera sjálfstæð er að starfa utan heimilis - hlutfall svarenda sem er frekar eða mjög sammála



hvergi og mun sennilega aldrei gera það. Þrátt fyrir það getur fólk engu að síður talið sig búa í slíku samfélagi.

Vísbendingu um það hvernig samfélagi Íslendingar telja sig búa má sjá í mynd 4 þar sem má líta hlutfall svarenda sem eru frekar eða mjög sammála staðhæfingu þess efnis að besta leið kvenna til að vera sjálfstæðar sé að starfa utan heimilisins, en það er skoðun sem ber þess merki að viðkomandi átti sig á mikilvægi tekna og fjárráða bæði í samfélaginu og inni á heimilunum. Ísland er í lægri kantinum í alþjóðlegum samanburði. Hinsvegar er rétt að hafa í huga að nær helmingur svarenda á Íslandi (49,3%) er sammála staðhæfingunni, sem er hærra hlutfall en er ósammála henni (40,8%). Tölurnar benda engu að síður til að stór hluti Íslendinga telji að ólík lífsmynstur kvenna séu metin til jafns við lífsmynstur karla í íslensku samfélagi.

Í töflu 5 sjáum við svör Íslendinga sundurgreint eftir kyni og aldri. Almennt er hærra hlutfall kvenna sammála fullyrðingunni, 54,9% á móti 43,1% karla. Það er athyglisvert að hlutfall karla sem eru sammála fullyrðingunni hækkar með aldri

**Tafla 5: Besta leið konu til að vera sjálfstæð er að starfa utan heimilis**

	Mjög sammála	Frekar sammála	Hvorki né	Frekar ósammála	Mjög ósammála
<b>Allir</b>	23,4%	25,9%	9,8%	24,3%	16,5%
<b>Karlar</b>	16,6%	26,5%	12,7%	24,1%	20,2%
18-30 ára	16,7%	12,5%	12,5%	33,3%	25,0%
31-40 ára	13,8%	29,2%	7,7%	29,2%	20,0%
41-50 ára	12,5%	31,8%	11,4%	22,7%	21,6%
51-60 ára	21,1%	23,9%	21,1%	18,3%	15,5%
61-70 ára	18,9%	32,1%	9,4%	20,8%	18,9%
<b>Konur</b>	29,4%	25,5%	7,3%	24,4%	13,4%
18-30 ára	21,8%	32,7%	5,5%	27,3%	12,7%
31-40 ára	17,8%	21,9%	11,0%	30,1%	19,2%
41-50 ára	32,9%	24,7%	5,9%	22,4%	14,1%
51-60 ára	40,0%	20,0%	7,8%	21,1%	11,1%
61-70 ára	28,9%	30,3%	6,6%	23,7%	10,5%

og er í raun lang lægst í yngsta aldurshópnum. Svipaða sögu má segja um konur, en raunar er meirihluti kvenkyns svarenda sammála fullyrðingunni nema í aldursbilinu frá 31-40 ára þar sem aðeins 39,7% kvenna lýsa sig frekar eða mjög sammála henni. Aldursmynstur kvenna er í samræmi við þau aldursmynstur sem voru rædd hér að ofan og virðast tengjast barneignum og uppeldi. Viðhorf ungra karla falla hinsvegar ekki að því mynstri, en þau kunna að vera vísbending um vaxandi íhaldssemi í kynjaviðhorfum sem aðrir hafa greint (Þóroddur Bjarnason og Andrea Hjálmsdóttir 2008).

Á heildina litið benda gögnin til að hefðbundnar hugmyndir um kynhlutverk og verkskiptingu kynjana lífi góðu lífi í hugarfari þjóðarinnar. Þá virðast slíkar hugmyndir ekki eiga síður upp á pallborðið hjá konum en hjá körlum. Þó er ástæða til að setja fyrirvara við þessar niðurstöður. Eins og rætt var um hér að ofan hafa rannsóknir sýnt að aðstæður hafi áhrif á afstöðu fólks ekki síður en afstaða hefur áhrif á val þess, þ.e. fólk er líklegt til að aðlaga afstöðu sína að þeim aðstæðum sem það er í og að þeim tækifærum sem það telur sig hafa. Ef til vill er eitthvað við íslenskar aðstæður sem gerir það að verkum að konur neyðast


til að axla stærstan hluta af heimilsstörfum þrátt fyrir óvenju mikla atvinnuþátttöku og langan vinnutíma. Þessar aðstæður gætu svo hæglega leitt til þess að íslenskar konur aðlaga gildismat sitt að aðstæðum sínum til að draga úr óánægju með hlutskipti sitt. Fyrir vikið verður fólk hinsvegar vart við víðtæka útbreiðslu hefðbundinna sjónarmiða á meðal kvenna. Það leiðir svo aftur til að fólk telur þetta hefðbundna gildismat endurspegla frjálssar og óheftar óskir kvenna, með þeim afleiðingum að það áttar sig ekki á því óréttlæti sem í þessu felst enda væru óskir kvenna sennilega aðrar ef þær væru ekki eins bundnar af félagslegum og efnahagslegum aðstæðum sínum. Hitt ber þó að hafa í huga að allt gildismat er aðstæðubundið og því næsta ógerlegt að skera úr um hvort áhrif aðstæðna á gildismat eru réttlætanleg eða ekki. Því borgar sig að fara að öllu með gát þegar reynt er að leggja út af niðurstöðum eins og þeim sem hér eru til umfjöllunar.

#### 4. ÁHRIF VINNU KVENNA Á BÖRN OG FJÖLSKYLDULÍF

Eitt af því sem gjarnan er notað til að verja hefðbundin kynhlutverk og verkskiptingu kynjana er að það komi á einhvern hátt niður á fjölskyldum kvenna, og þá sérstaklega þroska barna þeirra, ef að konur verja of miklum tíma í launaða vinnu utan heimilisins (Han o.fl. 2001; Baydar og Brooks-Gunn 1991). Þá hefur því verið haldið fram að tengslamyndun í frumbersku skapi móðurinni sérstöðu í lífi barnsins og að launavinna móður á þessu viðkvæma mótunarskeiði hamli þessari tengslamyndun (Ainsworth 1964; Bowlby 1969). Hér munum við ekki reyna að leggja mat á þessar kenningar heldur munum við meta útbreiðslu slíkra sjónarmiða enda geta þau haft umtalsverð áhrif á það hvernig konur velja að verja tíma sínum. Það má til dæmis ætla að ef stór hluti fólks telur að vinnumarkaðspátttaka kvenna skaði samband þeirra við börn sín skapi það þrýsting á mæður um að draga úr launavinnu.

Í mynd 5 sjáum við hlutfall svarenda í mismunandi löndum sem eru frekar eða mjög sammála þeirri fullyrðingu að samband útivinnandi móður við börn sín geti verið jafn traust og samband heimavinnandi mæðra við sín börn. Niðurstaðan er athyglisverð í ljósi útbreiðslu hefðbundinna hugmynda um kynhlutverk sem var rædd í síðasta hluta þessarar greinar. Í samanburði við

**Mynd 5: Samband útivinnandi móður við börn sín getur verið jafn hlýtt og traust og móður sem vinnur ekki utan heimilis - hlutfall svarenda sem eru frekar eða mjög sammála**



aðrar þjóðir virðast Íslendingar ekki óttast að launavinna mæðra komi niður á sambandi þeirra við börn sín.

Í töflu 6 sjáum við svo svör Íslendinga sundurliðuð eftir aldri og kyni. Taflan sýnir svo ekki verður um villst að afgerandi meirihluti beggja kynja telur að samband útivinnandi mæðra við börn sín geti verið jafn hlýtt og traust og samband heimavinnandi mæðra. Lægra hlutfall karlmanna er þó á þeirri skoðun, en 37.6% karlmanna eru mjög sammála staðhæfingunni samanboðið við 50.5% kvenna. Þá er hærra hlutfall karla bæði frekar og mjög ósammála. Þegar aldursdreifing svara kvenna er skoðuð sjáum við að konur á aldrinum 41-60 ára hafa meiri trú á sambandi útivinnandi mæðra og barna en konur á aldrinum 18-40 ára. Alla jafna myndum við eiga von á að skoðanir eldri aldurshópa væru meira í samræmi við hefðbundin sjónarmið en skoðanir yngri hópa, en það virðist ekki endilega vera tilfellið. Upplýsingarnar í töflu 6 gefa aðeins mynd af því hvort fólk telur að vinnumarkaðspáttaka kvenna komi niður á sambandi barns og móður. Það er ekki sjálfgefið að það hafi neikvæðar afleiðingar fyrir velferð barnsins

**Tafla 6: Samband útvinnandi móður við börn sín getur verið jafn hlýtt og traust og móður sem vinnur ekki utan heimilis**


	Mjög sammála	Frekar sammála	Hvorki né	Frekar ósammála	Mjög ósammála
<b>Allir</b>	44,4%	33,6%	3,7%	12,2%	6,1%
<b>Karlar</b>	37,6%	34,7%	4,4%	15,2%	8,2%
18-30 ára	37,7%	37,7%	11,3%	9,4%	3,8%
31-40 ára	46,2%	29,2%	1,5%	15,4%	7,7%
41-50 ára	40,9%	38,6%	1,1%	13,6%	5,7%
51-60 ára	30,3%	35,5%	5,3%	22,4%	6,6%
61-70 ára	34,0%	30,2%	5,7%	13,2%	17,0%
<b>Konur</b>	50,5%	32,6%	3,1%	9,6%	4,2%
18-30 ára	48,2%	33,9%	3,6%	8,9%	5,4%
31-40 ára	50,7%	35,6%	1,4%	8,2%	4,1%
41-50 ára	58,8%	25,9%	3,5%	7,1%	4,7%
51-60 ára	58,2%	29,7%	2,2%	4,4%	5,5%
61-70 ára	33,8%	40,3%	5,2%	19,5%	1,3%

enda kunni aukin þátttaka feðra að hafa bætt að miklu eða öllu leyti fyrir minni tengsl barnsins við móður sína.<sup>3</sup>

Í mynd 6 sjáum við hlutfall svarenda í mismunandi löndum sem eru frekar eða mjög sammála þeirri staðhæfingu að börn á leikskólaaldri líði fyrir það ef móðir þess vinnur utan heimilisins. Samanborið við önnur lönd virðast Íslendingar ekki líta svo á að velferð barna og móðurhlutverkið sé fyrirstöður fyrir atvinnuþátttöku kvenna, frekar en tengsl mæðra við börn sín. Hér er þó rétt að setja þann fyrirvara að spurningin gefur svarendum þónokkurt svigrúm til túlkunar. Það kann til dæmis að vera að Íslendingar sjái enga hættu í því að mæður ungra barna vinni hlutastörf en að niðurstöðurnar yrðu aðrar ef það væri spurt um áhrif þess að mæður vinni yfir 40 klukkustundir á viku. Munurinn felst í því hvort fólk aðhyllist almennt jafnrétti kynjana eða hvort það aðhyllist aukinn jöfnuð án þess að kynbundin verkskipting sé afnumin með öllu. Hlutfallið er lægra

<sup>3</sup> Þó bera að hafa í huga að almennt virðist fólk ekki telja að launuð vinna kvenna skaði samband þeirra við börn þeirra, sbr. töflu 6.


Mynd 6: Barn á leikskólaaldri er líklegt til að líða fyrir, ef móðir þess vinnur utan heimilis



fyrir karla en konur (65.7% samanborið við 78.2% kvenna). Aldursmynstrin eru svipuð og í töflu 6 og því verður ekki fjallað sérstaklega um þau hér.

Í heildina séð virðast því ekki sérstök ástæða til að ætla að áhyggjur fólks af áhrifum launaðrar vinnu á samband mæðra og barna og velferð barna sé einn af þeim áhrifapáttum sem viðhalda hefðbundinni hlutverkaskipan kynjana í gegnum félagslegan þrýsing. Það þýðir hinsvegar ekki að barneignir skapi ekki félagslegan þrýsting á konur að einbeita sér að barnauppleði. Í töflu 3 síðum við að stór hluti beggja kynja telur að konur eigi að draga úr vinnu þegar börn á skóla- og forskólaaldri eru á heimilinu. Það sjónarmið virðist hinsvegar ekki vera tilkomið vegna þess að fólk telji launaða vinnu kvenna skaðlega börnum þeirra. Hér verður þó að hafa þann fyrirvara að spurningarnar sem hér um ræðir gerir ekki greinarmun á því hvort konur eru í fullum störfum eða hlutastörfum. Tafla 3 bendir til þess að fólk telji ásættanlegt að konur vinni í hlutastarfi og það kann að vera að önnur viðhorf hefðu komið í ljós ef spurt hefði verið sérstaklega um afleiðingar þess að vera í fullu starfi.

**Mynd 7: Þegar á heildina litið þá líður fjölskyldulífið fyrir ef konan vinnur fulla vinnu utan heimilis - hlutfall svarenda sem eru frekar eða mjög sammála**



Þegar við skoðum hinsvegar skoðun fólks á því hvort það komi niður á heimilislífinu er myndin ögn önnur. Á mynd 7 sjáum við svarenda í mismunandi löndum sem eru nokkuð eða mjög sammála fullyrðingu þess efnis. Ísland er í miðju hópsins hvað þetta varðar. Á heildina litið telja 40% íslenskra svarenda að það komi niður á fjölskyldulífinu þegar konan er í fullu starfi utan heimilisins. 22,3% töldu börn á leikskólaldri líða fyrir það þegar móðirin ynni utan heimilisins og 18,3% töldu samband barns við útivinnandi móður ekki geta verið jafn traust og samband barns og heimavinnandi móður. Þetta kann að vera vísbending um að það sé heimilishaldið sem slíkt, fremur en móðurhlutverkið, sem sé erfitt að samþætta með launaðri vinnu. Það aftur bendir til þess að árekstrar heimilis og vinnu fremur en þarfir barna sem þrýsti á konur að draga úr vinnu vegna þarfa heimilisins.

Það að launavinna kvenna komi niður á fjölskyldulífinu er hinsvegar ekki einkamál kvenna. Ein af ástæðunum fyrir því að aukin vinna kvenna kann að koma niður á fjölskyldunni er að karlar auka sjaldnast vinnuframlag sitt á heimili

**Tafla 7: Þegar á heildina litið þá líður fjölskyldulífið fyrir ef konan vinnur fulla vinnu utan heimilis**

	Mjög sammála	Frekar sammála	Hvorki né	Frekar ósammála	Mjög ósammála
<b>Allir</b>	15,6%	24,4%	8,1%	27,9%	24,1%
<b>Karlar</b>	17,8%	20,7%	7,3%	30,6%	23,6%
18-30 ára	5,7%	17,0%	5,7%	45,3%	26,4%
31-40 ára	10,8%	23,1%	4,6%	29,2%	32,3%
41-50 ára	9,2%	24,1%	8,0%	33,3%	25,3%
51-60 ára	27,6%	17,1%	10,5%	23,7%	21,1%
61-70 ára	31,5%	20,4%	7,4%	27,8%	13,0%
<b>Konur</b>	13,6%	27,7%	8,8%	25,3%	24,5%
18-30 ára	9,1%	23,6%	7,3%	30,9%	29,1%
31-40 ára	12,5%	27,8%	5,6%	29,2%	25,0%
41-50 ára	13,4%	30,5%	12,2%	23,2%	20,7%
51-60 ára	17,8%	18,9%	5,6%	22,2%	35,6%
61-70 ára	12,2%	39,2%	13,5%	24,3%	10,8%

sem nemur auknu vinnuframlagi kvenna í launaðri vinnu (Crompton 2006). Engu að síður er hætt við því að ábyrgðinni sé að mestu varpað yfir á konur, að því marki sem launaðri vinnu þeirra fylgir óhagræði fyrir fjölskylduna. Það er til dæmis vel þekkt að ástand heimilisins er fremur gjarnan talið endurspeglar mannkosti kvenna fremur en karla (Ingólfur V. Gíslason 2008). Fyrir vikið er töluverður þrýstingur á konur að skila “sínu” á heimilinu óháð því hve mikið þær vinna utan þess, sem skilar sér í því að þeirra bíður það sem Arlie Hochschild (1989) hefur kallað “seinni vaktina” þegar þær koma heim úr vinnu. Rótgrónar hugmyndir um hlutverk kynjana geta gefið slíkum hugmyndum yfirbragð sanngirni, þ.e. þar sem húsmóðurhlutverkið er hefðbundið kvennahlutverk og ekkert sambærilegt karlahlutverk til þá kann að virðast “eðlilegra” að konur fórnir vinnu fyrir heimilið eða að vinnan komi a.m.k. ekki niður á þeim skyldum sem fylgja húsmóðurhlutverkinu (Shelton 1992). Ef konur verða ekki við þeim kröfum er hætt við auknum árekstrum á milli heimilis og vinnu sem valda auknu álagi á fjölskyldumeðlimi.




Í töflu 7 sjáum við afstöðu íslensku svarendanna til fullyrðingarinnar um að fjölskyldulífið líði fyrir það ef konan er í fullri vinnu, sundurgeind eftir aldri og kyni. Þegar aldursdreifing svara er skoðuð kemur í ljós að hlutfall karla sem telur vinnu kvenna koma niður á fjölskyldulífinu hækkar með aldri (úr 22.7% á aldursbilinu 18-30 ára, í 51.9% í elsta aldursbilinu). Hlutfall karla sem telja vinnu kvenna ekki koma niður á fjölskyldulífinu lækkar að sama skapi með aldri. Mynstrið er svipað hjá konum en ekki jafn skýrt. Sennilegt er að þetta mynstur endurspegli ólíkan tíðaranda á uppvaxtarárum mismunandi kynslóða, en það er einnig vert að hafa í huga að aðstæður kynslóðana eru ólíkar. Með breyttu hugarfari breytist val fólks. Það kann að vera að yngri karlmenn taki t.d. meiri þátt í heimilishaldinu og fyrir vikið þyki þeim ekki jafn augljóst að launuð vinna kvenna komi niður á fjölskyldulífinu. Þá er einnig mögulegt að hugmyndir kynslóðana um fjölskyldulíf séu ólíkar og kröfurnar aðrar (Williams 2003; Sanchez and Gager 2000), t.d. vegna aðlögunar að aukinni vinnumarkaðspátttöku kvenna. Þá er framboð á daggæslu orðið meira en það var fyrir aðeins um tveimur áratugum síðan. Framboð af daggæslu er einmitt lykil atriði til að auðvelda foreldrum, og sérstaklega mæðrum, að samþætta vinnu og fjölskyldulíf. Því er mikilvægt að kanna hvaða stuðnings dagvistunarúrræði njóta í íslensku samfélagi. En áður en við gerum það er ástæða til að skoða viðhorf fólks til hinnar kynbundnu verkskiptingar.

## 5. VIÐHORF TIL VERKSKIPTINGAR

Í þessari grein hafa viðhorf fólks til kynhlutverka verið tengd við þá kynbundnu verksskiptingu sem er ríkjandi í íslensku samfélagi. Það hefur hinsvegar ekkert verið sagt um viðhorf fólks til verkskiptingarinnar sjálfrar. Í þessum hluta könnum við þessi viðhorf. Hér er ekki um að ræða viðhorf fólks til þeirrar verkskiptingar sem er ríkjandi á heimilum þeirra. Þess í stað beinum við athyglinni að viðhorfum sem lúta að umræddri verkskiptingu í samfélaginu almennt fremur inn á heimilum svarenda.

**Mynd 8: Bæði karlar og konur eiga að leggja sitt af mörkum til að afla heimilinu tekna - hlutfall svarenda sem er frekar eða mjög sammála**



Í mynd 8 sjáum við hlutfall svarenda í mismunandi löndum sem eru frekar eða mjög sammála fullyrðingu þess efnis að bæði kynin eigi að afla tekna. Myndin bendir til þess að þessi afstaða sé útbreidd á Íslandi samanborið við önnur lönd. Hér verður þó að hafa í huga að spurningin er fremur opin og það er mögulegt að einhverjir svarendur telji eðlilegt og sjálfsagt að konur afli einhverra tekna en ekki endilega að þær afli tekna til jafns við karlinn í sambandinu. Það er stór munur á því hvort að fólk vill auka hlutdeild kvenna á vinnumarkaði og hvort það vill afnema kynbundna verkskiptingu með öllu. Því hefði verið áhugavert að spyrja hvort þátttakendur í könnuninni teldu að konur ættu að afla tekna til jafns við karla til að geta lagt mat á hve langt fólk vill í raun ganga í jafnréttisátt.

Þegar við berum niðurstöðurnar í mynd 8 saman við niðurstöðurnar úr mynd 1, þar sem hlutfall þeirra sem voru sammála staðhæfingu þess efnis að það væri hlutverk karla að afla tekna en hlutverk kvenna að sinna heimili og börnum. 19,3% svarenda voru frekar eða mjög sammála fullyrðingunni í mynd 1


**Tafla 8: Bæði karlar og konur eiga að leggja sitt af mörkum til að afla heimilinu tekna**

	Mjög sammála	Frekar sammála	Hvorki né	Frekar ósammála	Mjög Ósammála
<b>Allir</b>	46,90%	29%	8,6%	10,4%	5,0%
<b>Karlar</b>	39,0%	33,1%	8,2%	11,4%	8,2%
18-30 ára	46,2%	40,4%	3,8%	5,8%	3,8%
31-40 ára	37,5%	34,4%	10,9%	9,4%	7,8%
41-50 ára	29,5%	34,1%	12,5%	11,4%	12,5%
51-60 ára	44,0%	30,7%	40,0%	14,7%	6,7%
61-70 ára	42,6%	22,2%	9,3%	16,7%	9,3%
<b>Konur</b>	54,1%	25,2%	9,0%	9,5%	2,1%
18-30 ára	57,1%	30,4%	5,4%	7,1%	
31-40 ára	41,4%	32,9%	8,6%	12,9%	5,3%
41-50 ára	61,2%	15,3%	8,2%	12,9%	2,3%
51-60 ára	58,4%	19,1%	14,6%	6,7%	1,1%
61-70 ára	50,7%	33,3%	6,7%	6,7%	2,7%

en 75,9% voru frekar eða mjög sammála fullyrðingunni um að bæði kynin ættu að afla tekna til heimilisins. Þetta má túlka sem vísbendingu um að Íslendingar séu almennt jafnréttissinnaðir enda eru tölurnar nokkuð afgerandi í báðum tilfellum.

Í töflu 8 sjáum við svo svör íslensku þátttakendanna sundurliðuð eftir aldri og kyni. Mynstrið er um margt líkt öðrum aldursmynstrum sem hafa verið skoðuð í þessari grein þar sem íhaldssemi eykst eftir þrítugsaldurinn en frjálsslyndi eykst svo aftur í eldri kynslóðum. Ýmislegt bendir til að þetta mystur hafi eitthvað með barneignir að gera og því álagi og breytingum sem þeim fylgja. Mynstrið í töflu 8 er hinsvegar frábrugðið að því leyti að íhaldssama aldursbilið virðist vera lengra en í þeim töflum sem komu á undan. Það er ekki augljóst hvað veldur og því miður rúmast það ekki innan ramma þessarar greiningar að gera skýra það. Það er hinsvegar ljóst að tengsl aldurs og viðhorfa eru flóknari en svo að við getum spáð fyrir um þróun viðhorfa í samfélagin almennt út frá kynslóðaskiptum. Þá benda gögnin ekki til þess að það séu bein tengsl á milli aldurs og viðhorfa þannig að eldra fólk hafi hefðbundnari viðhorf. Það virðist sem að mismunandi

**Mynd 9: Karlar ættu að sinna heimilisstörfum í meira mæli en þeir gera í dag - hlutfall svarenda sem er frekar eða mjög sammála**



skeiðum lífshlaupsins fylgja ólík verkefni og aðstæður sem virðast hafa áhrif á gildismat einstaklinga, óháð því hvernig gildismat kynslóða mótast af aðstæðum á uppeldisárum (Jonsson and Mills 2001).

Vinumarkaðspátttaka kvenna er þó aðeins önnur hliðin á jafnari verkskiptingu kynjana. Hin hliðin er aukin þátttaka karla í heimilisstörfum og umönnun barna. Konur vinna enn stærri hlutan af heimilisstörfum og að lítil breyting hefur orðið á skiptingu heimilisstarfa frá árinu 1988. Á sama tíma hefur vinnutími kvenna lengst og því ljóst að karlar hafa ekki aukið vinnuframlag sitt á heimili til jafns við aukið vinnuframlag kvenna. Skipting heimilisstarfa er því mikilvægt réttlætismál, ekki síst þegar horft er til þess hvaða áhrif það hefur á laun kvenna og framamöguleika þeirra á vinnumarkaði að þær skuli bera þungann af heimilislífinu.

Í mynd 9 sjáum við hlutfall svarenda í mismunandi löndum sem eru frekar eða mjög sammaála því að karlar eigi að sinna heimilisstörfum í meira mæli en þeir gera. Ísland er í 3. sæti á listanum. Þegar listin er skoðaður kemur hinsvegar


**Tafla 9: Karlar ættu að sinna heimilisstörfum í meira mæli en þeir gera í dag - hlutfall svarenda sem er frekar eða mjög sammála**

	Mjög sammála	Frekar sammála	Hvorki né	Frekar ósammála	Mjög Ósammála
<b>Allir</b>	45,6%	35,4%	9,4%	5,9%	3,7%
<b>Karlar</b>	39,9%	39,1%	9,8%	5,0%	6,2%
18-30 ára	36,5%	34,6%	11,5%	3,8%	13,5%
31-40 ára	36,5%	38,1%	12,7%	7,9%	4,8%
41-50 ára	35,3%	43,5%	11,8%	4,7%	4,7%
51-60 ára	45,5%	41,6%	5,2%	3,9%	3,9%
61-70 ára	46,3%	35,2%	5,6%	5,6%	7,4%
<b>Konur</b>	50,7%	32,3%	9,1%	6,7%	1,3%
18-30 ára	43,6%	36,4%	12,7%	5,5%	1,8%
31-40 ára	50,7%	30,4%	4,3%	12,0%	1,4%
41-50 ára	52,4%	31,0%	9,5%	4,8%	2,4%
51-60 ára	56,7%	28,9%	12,2%	2,2%	0,0%
61-70 ára	45,2%	37,0%	6,8%	9,6%	1,4%

Í ljós að það þessi spurning er ekki mælikvarði á útbreiðslu frjálsslyndra viðhorfa í þessum þjóðfélögum. Lönd sem teljast frjálsslynd samkvæmt flestum mælikvörðum, t.d. hin norðurlöndin, eru heldur neðarlega á listanum á meðan íhaldssamari lönd raðast ofar. Þetta helgast m.a. af því að viðhorf fólks til þess hvort karlar eigi að sinna heimilisstörfum í meira mæli en þeir gera ræðst í senn af vinnuframlagi karla á heimilum og af því hversu útbreidd frjálsslynd og framsækin viðhorf eru í samfélaginu, auk annarra þátta. Vinnuframlag karla er að jafnaði meira í frjálsslyndum samfélögum, þó það sé ekki algilt. Fyrir vikið eru oft jafn miklar eða meiri kröfur á að karlar auki vinnuframlag sitt á heimilum í íhaldssamari þjóðfélögum þar sem verkskiptingin er ójafnari.

Í töflu 9 sjáum við svör Íslendinga sundurliðuð eftir aldri og kyni. Það er athyglivert að lægsta hlutfall svarenda sem er frekar eða mjög sammála því að karlar eigi að taka meiri þátt í heimilisstörfum er í yngsta aldursbilinu. Stuðningurinn hækkar svo jafnt og þétt fram að 60 ára aldri, en minnkar svo í efsta aldursbilinu. Þetta á við um bæði kynin. Hærra hlutfall karla en kvenna á

Mynd 10: Karlar ættu að sinna umönnun barna í meira mæli en þeir gera í dag - hlutfall svarenda sem eru frekar eða mjög sammála



aldursbilinu 51-60 ára er sammála fullyrðingunni. Í öllum hinum aldursbilunum er því á hinn veginn farið. Það þarf ítarlegri greiningu til að skýra hvað stýrir þessu mynstri. Þó má ætla að vinnuframlag karla á heimili sé að jafnaði minna því eldri sem þeir eru og þessar tölur kunna að endurspegla það fremur en að eldri kynslóðirnar séu að jafnaði frjálslyndari í sjónarmiðum. Þar sem fólk hefur tilhneigingu til að umgangast að mestu leyti fólk sem er nálægt því í aldri kann t.d. að vera að eldra fólk vanmeti vinnuframlag karla á heimilum almennt og sé fyrir vikið líklegra til að telja það brýnt að karlmenn auki það.

Í mynd 10 sjáum við svo hlutfall svarenda í samanburðarlöndunum sem að eru annaðhvort frekar eða mjög sammála því að að karlar eigi að taka meiri þátt í umönnun barna sinna. Myndin er mjög svipuð og sú á undan og háð sömu fyrirvörum. Það er því engin ástæða til að ræða hana sérstaklega hér. Í töflu 10 hafa svör Íslendinga verið sundurgreind efti aldri og kyni. ath Raunar er ekki hægt að greina neitt skýrt mynstur í tengslum aldurs og þeirrar skoðunar að

**Tafla 10: Karlar ættu að sinna umönnun barna í meira mæli en þeir gera í dag**

	Mjög sammála	Frekar sammála	Hvorki né	Frekar ósammála	Mjög Ósammála
<b>Allir</b>	44,3%	36,4%	9,5%	7,2%	2,7%
<b>Karlar</b>	41,9%	38,3%	8,8%	7,4%	3,5%
18-30 ára	42,3%	36,5%	11,5%	7,7%	1,9%
31-40 ára	37,5%	32,8%	14,1%	10,9%	4,7%
41-50 ára	36,4%	45,5%	6,8%	6,8%	4,5%
51-60 ára	48,7%	35,5%	6,6%	5,3%	3,9%
61-70 ára	44,2%	40,4%	5,8%	7,7%	1,9%
<b>Konur</b>	46,5%	34,5%	10,1%	7,1%	1,9%
18-30 ára	38,2%	40,0%	10,9%	7,3%	3,6%
31-40 ára	47,8%	34,8%	5,8%	8,7%	2,9%
41-50 ára	45,1%	32,9%	8,5%	11,0%	2,4%
51-60 ára	54,5%	27,3%	13,6%	3,4%	1,1%
61-70 ára	43,1%	40,3%	11,1%	5,6%	0,0%

karlmenn eigi að taka meiri þátt í umönnun barna sinna. Þá er ekki skýr munur á milli kynjana.

Á heildina litið er ljóst að tengslin á milli aldurs og viðhorfa eru flókin. Þá er kyn ekki alltaf áreiðanleg breyta til að spá fyrir um viðhorf. Það má ætla að á milli aldurs og kyns, annarsvegar, og viðhorfa, hinsvegar, sé flókið orsakasamband þar sem viðhorfsmótandi aðstæður á uppeldisárum, á ólíkum skeiðum lífshlaupsins, og í samfélaginu og í lífi einstaklinga á hverjum tíma spila saman við að móta skoðanir fólks. Þá skiptir einnig máli hvert viðfang viðhorfana er. Hvort sem einstaklingar eru almennt frjálssyndir eða íhaldssamir þá má gjarnan finna umtalsverð frávik frá þeirri almennu lífsskoðun þegar einstaklingar eru spurðir um afstöðu sína til einstakra og afmarkaðra málaflokka. Því er flókið að spá fyrir um framtíðarþróun slíkra viðhorfa útfrá mismuninum á milli ólíkra aldurshópa einum saman.

Ef við takmörkum okkur hinsvegar við þær spurningar sem voru greindar í þessum hluta benda gögnin til þess að almennur vilji sé fyrir því hjá báðum kynjum og í öllum aldursbilum að karlmenn taki meiri þátt í heimilisstörfum og

umönnun barna sinna og að konur afli a.m.k. hluta tekna heimilisins, hvernig sem þessi viðhorf kunna svo að þróast í framtíðinni.

## 6. STUÐNINGUR VIÐ BARNAFJÖLSKYLDUR


Í þessari grein hefur athyglin einkum beinst að almennum viðhorfum fólks. Almenn viðhorf hafa hinsvegar lítið að segja ef þeim fylgir ekki einnig stuðningur við hagnýtar leiðir til að tryggja framgang þeirra. Í þessum hluta beinum við því athyglinni að stuðningi við opinber úrræði sem nýtast fjölskyldufólki til að samþætta launuð störf og fjölskyldulíf. Opinber stuðningur við barnafjölskyldur skiptir miklu varðandi möguleika fólks til að samþætta vinnu og heimilislíf, ekki síst fyrir konur. Stuðningur við þau úrræði sem ríkið og sveitarfélög búa yfir er því raun stuðningur við samþættingu vinnu og heimilis, atvinnuþátttöku kvenna, og jafnari verkskiptingu kynjana. Þau úrræði sem við munum skoða eru stuðningur við fæðingarorlof bæði mæðra og feðra sem og stuðningur við að barnafólk hafi aðgang að niðurgreiddri daggæslu til að styðja við atvinnuþátttöku foreldra.

Fæðingartíðni hefur lækkað allnokkuð á Vesturlöndum á undanförunum áratugum. Vestrænar konur eignast færri börn auk þess sem þær eignast þau seinna en áður (Ólöf Garðarsdóttir 2008). Þá hefur hlutfall kvenna sem kýs að eiga ekki börn vaxið (Hakim 2003). Ein af ástæðunum er sú að sú röskun sem fylgir barneignum hefur umtalsverðar neikvæðar afleiðingar á tekjur og framamöguleika kvenna á vinnumarkaði (Crompton og Sanderson 1990; Rubery o.fl. 1999). Margar konur virðast því meta það sem svo að þær verði að velja á milli starfsframa og barneigna. Konur sem ætla sér frama á vinnumarkaði kjósa því oft að stilla barneignum í hóf eða sleppi þeim jafnvel alveg.

Launað fæðingarorlof hefur áhrif á möguleika kvenna til að samþætta vinnu og fjölskyldulíf með því að draga úr skammtímakostnaði sem fylgir því að draga úr launaðri vinnu í kjölfar barneigna. Þau lög sem eru í gildi um fæðingarorlof á Íslandi tryggja fólki einnig umtalsvert starfsöryggi á meðan það er í fæðingarorlofi þar sem þau kveða á um að ekki sé heimilt að segja starfsmanni í slíku orlofi upp störfum auk þess sem viðkomandi skuli ganga inn í sitt fyrra starf eða annað því sambærilegt að orlofi loknu (Guðný Eydal og Ingólfur V. Gíslason



Mynd 11: Konur sem vinna utan heimilis eiga að fá launað fæðingarorlof þegar þær eignast barn



2008). Þetta dregur að einhverju leyti úr þeim langtímakostnaði sem annars gæti fylgt slíkri orlofstöku (þó öryggið sé ekki algert, sjá Bryndís Jónsdóttir og Gylfi Dalmann Aðalsteinsson 2008). Stuðning við launað fæðingarorlof mæðra má því skoða sem stuðning við vinnumarkaðspátttöku kvenna, enda er ljóst að forsendur vals kvenna á milli vinnu og fjölskyldulífs myndu breytast verulega ef ekki væru greidd laun í fæðingarorlofi eða ef ekki væri heimild fyrir orlofstöku yfirhöfuð.

Réttindi mæðra til launaðs fæðingarorlofs eru rótgróin á Íslandi. Fyrsti vísirinn að slíku orlofi leit dagsins ljós í kjölfar launadeilu árið 1946 (Eydal 2005). Þau réttindi voru bundin við tilteknar starfsstéttir. Réttindin hafa síðan verið víkkuð út til allra mæðra og útfærð á annan hátt, t.d. með því að veita slík réttindi fyrir tilstilli hins opinbera fremur en á grundvelli kjarasamninga (ibid.). Réttindi mæðra til launað fæðingarorlofs njóta víðtæks stuðnings á Íslandi, eins og má sjá í mynd 11. Þessi mikli stuðningur endurspeglar að hluta hversu rótgróin þessi réttindi eru í íslensku samfélagi (Ingólfur V. Gíslason 2008). Í Töflu 11 sjáum við

**Tafla 11: Konur sem vinna utan heimilis eiga  
að fá launað fæðingarorlof þegar þær eignast barn**

	Mjög sammála	Frekar sammála	Hvorki né	Frekar ósammála	Mjög ósammála
<b>Allir</b>	84,0%	11,7%	1,1%	1,2%	1,9%
<b>Karlar</b>	83,0%	12,0%	0,9%	1,2%	2,9%
18-30 ára	83,0%	15,1%	0,0%	0,0%	1,9%
31-40 ára	81,5%	10,8%	0,0%	4,6%	3,1%
41-50 ára	83,0%	14,8%	0,0%	0,0%	2,3%
51-60 ára	83,1%	10,4%	1,3%	1,3%	3,9%
61-70 ára	82,4%	9,8%	3,9%	0,0%	3,9%
<b>Konur</b>	84,9%	11,4%	1,3%	1,3%	1,0%
18-30 ára	87,5%	10,7%	1,8%	0,0%	0,0%
31-40 ára	87,7%	11,0%	0,0%	1,4%	0,0%
41-50 ára	87,1%	9,4%	2,4%	1,2%	0,0%
51-60 ára	85,9%	7,6%	1,1%	2,2%	3,3%
61-70 ára	76,6%	19,5%	1,3%	1,3%	1,3%

líka að fæðingarorlof mæðra nýtur nær algers stuðnings hjá báðum kynjum í öllum aldurshópum.

Fæðingarorlof feðra á sér mun skemmri sögu, bæði á Íslandi og í alþjóðlegu samhengi. Það var ekki fyrr en árið 2000 að íslenskir feður fengu lögbundinn rétt til launaðs fæðingarorlofs. Með þeim lögum varð Ísland fyrst til að veita feðrum óframseljanleg réttindi til fæðingarorlofs og enn í dag er Ísland eitt af fáum löndum í heiminum sem veitir feðrum rétt til fæðingarorlofs til jafns við mæður (Guðný Eydal og Ingólfur V. Gíslason 2008).

Með því að útvíkka fæðingarorlof til feðra gerði íslenska ríkið þeim kleift að taka í meira mæli þátt í uppeldi og umönnun barna sinna. Íslenskir feður hafa nýtt sér þessi réttindi, en upptaka þeirra er með því mesta sem þekktist í þeim löndum sem veita feðrum einhverskonar réttindi til orlofstöku í kjölfar barneigna (Guðný Eydal 2008). Íslenskar rannsóknir sýna einnig að þátttaka feðra í umönnun barna sinna hefur aukist í kjölfar þess að feðrum var veittur réttur til fæðingarorlofs. Þessa breytingu má að einhverju leyti rekja beint til fæðingarorlofsins, en Guðný Eydal (2008) hefur bent á að í kjölfar fæðingarorlofstöku eru feður líklegri en áður

til að taka þátt í umönnun barna sinna, bæði þeirra nýfæddu og þeirra eldri. Stuðningur við fæðingarorlof feðra er því stuðningur við úrræði sem eykur möguleika feðra til að taka þátt í umönnun barna sinna.

Fæðingarorlof feðra er ekki síður mikilvægt fyrir stöðu kvenna, en margt bendir til þess að sú röskun sem verður á vinnumarkaðsferli kvenna vegna fæðingarorlofs þeirra hafi langvarandi áhrif á möguleika þeirra samanborið við möguleika karla (Guðný Eydal og Ingólfur V. Gíslason 2008). Orlofstaka feðra jafnar því stöðu kynjana upp að vissu marki. Þó er rétt að benda á að mæður taka gjarnan bróður partinn af þeim þriðjungi fæðingarorlofsins sem foreldrar geta skipt á milli sín og þar með lengra orlof. Ein ástæðan kann að vera sú að foreldrar fá launamissinn sem þeir verða fyrir í fæðingarorlofi ekki bættan að fullu. Á meðan það er raunin leiðir kynbundinn launamunur til þess að í langflestum tilfellum er það fjárhagslega hagkvæmt fyrir heimilin að konan taki sameiginlega orlofið að mestu eða í heild. Í því samhengi skiptir heldur engu hvort launamunurinn er skýranlegur eða réttlætanlegur. Þá má einnig líta á þetta sem vísbendingu um vissa hefðafestu varðandi kynbundna verkskiptingu (Kolbeinn Stefánsson 2008). Hinsvegar er það svo að feður taka gjarnan stærstan hluta af fæðingarorlofi sínu þegar móðirin hefur notað bæði sín réttindi og hin sameiginlegu og það hefur aukið svigrúm kvenna til að stunda launavinnu í kjölfar barneigna, sem endurspeglast í því að fjöldi vinnustunda kvenna í kjölfar barneigna aukist eftir að feðraorlofið var bundið í lög (Guðný Eydal 2008).

Því miður eru ekki til sambærileg gögn um stuðning við fæðingarorlof fyrir feður í öðrum löndum, enda skortir slík úrræði í mörgum þeim löndum sem liggja til grundvallar alþjóðlegum samanburði í þessari rannsókn og í sumum þeirra þykir hugmyndin etv. svo nýstárleg að erfitt væri að túlka svörin í samanburði við lönd þar sem umræðan er lengra á veg komin. Í töflu 12 sjáum við hinsvegar afstöðu Íslendinga sundurgreinda eftir kyni og aldri.

Fæðingarorlof feðra hefur ekki fest sig í sessi í íslensku samfélagi í sama mæli og fæðingarorlof mæðra, eins og má sjá af þeirri staðreynd að fæðingarorlof feðra nýtur minni stuðnings en fæðingarorlof mæðra. (67.7% svarenda, en 84% töldu að konur ættu að fá slíkt orlof). Engu að síður er ekki

**Tafla 12: Karlar sem vinna utan heimilis eiga  
að fá launað fæðingarorlof þegar þeir eignast barn**

	Mjög sammála	Frekar sammála	Hvorki né	Frekar ósammála	Mjög ósammála
<b>Allir</b>	67,7%	17,5%	2,4%	5,0%	7,5%
<b>Karlar</b>	63,0%	18,3%	1,8%	6,5%	10,4%
18-30 ára	73,6%	24,5%	1,9%	0,0%	0,0%
31-40 ára	70,8%	13,8%	3,1%	6,2%	6,2%
41-50 ára	64,8%	22,7%	0,0%	8,0%	4,5%
51-60 ára	56,0%	16,0%	2,7%	5,3%	20,0%
61-70 ára	47,1%	15,7%	2,0%	11,8%	23,5%
<b>Konur</b>	71,9%	16,7%	2,9%	3,6%	4,9%
18-30 ára	78,6%	17,9%	1,8%	0,0%	1,8%
31-40 ára	79,5%	16,4%	0,0%	1,4%	2,7%
41-50 ára	76,5%	12,9%	4,7%	3,5%	2,4%
51-60 ára	68,5%	19,6%	2,2%	4,3%	5,4%
61-70 ára	57,9%	17,1%	5,3%	7,9%	11,8%

fjarstæðukennt að líta á tæplega 68% stuðning sem nokkuð afgerandi stuðning við fæðingarorlof feðra og ekki fráleitt að ætla að stuðningur muni aukast þegar fram líða stundir og fólk fer að líta á þessi réttindi sem sjálfgefin og eðlileg. Þó er rétt að setja þann fyrirvara að ekki er spurt um hvort að karlar eigi að njóta réttinda til fæðingarorlofs til jafns við konur. Aðrar rannsóknir benda til þess að svo sé ekki. Stuðningur við að fæðingarorlof mæðra verði lengt í 12 mánuði er til dæmis nokkuð afgerandi á meðan stuðningur við lengingu fæðingarorlofs feðra í 6 mánuði er mun minni (Bryndís Jónsdóttir og Gylfi Aðalsteinsson 2008).


Í töflu 12 sjáum við að merkjanlegur munur er á afstöðu kynjana. Hærra hlutfall kvenna en karla er hlynnt fæðingarorlofi karla. Munurinn er þó minni í yngsta aldursbilinu en þeim eldri, en 98.1% karla og 96.5% kvenna í yngsta aldursbilinu eru hlynnt feðraorlofi. Stuðningurinn minnkar hjá báðum kynjum með aldri, en þó meira hjá körlum. Eldri kynslóðirnar hafa lengst af búið við aðrar aðstæður og önnur kynhlutverk og því er hugsanlegt að fyrirvinnuhugmyndafræðin hafi enn áhrif á sýn eldri kynslóðanna á hlutverk feðra. Þeim sem sjá feður fyrst og fremst sem fyrirvinnur sjá tæplega ástæður til að

veita þeim orlof frá vinnu þegar þeir eignast börn. Meiri stuðningur í yngri aldurshópunum bendir þó til þess að stuðningurinn muni aukast með tímanum, þó aukin íhaldssemi með aldrinum muni vafalítið hægja á þeirri aukningu.

Þó feðraorlof auki þátttöku þátttöku þeirra í umönnun barna sinna og auki svigrúm kvenna til að snúa aftur á vinnumarkaðinn þá nægir það ekki eitt og sér enda er það ekki síst umönnun barna fram eftir aldri sem hefur áhrif á möguleika kvenna. Konur eru líklegar til að afþakka yfirvinnu, taka minna krefjandi störf, eða fara úr fullri vinnu í hlutastörf þegar þær eru með á heimilinu, enda lendir það gjarnan á konunum að sinna daglegum þörfum barna sinna og taka sér frí frá vinnu þegar börn veikjast (Higgins o.fl. 1994; MacDermit o.fl. 1990). Þetta endurspeglast m.a. í því að í kjölfar barnsburðar tekur það lengri tíma fyrir konur karla að ná sömu atvinnuþátttöku og þær höfðu fyrir barnsburð, þó dregið hafi saman með kynjunum í kjölfar innleiðingar feðraorlofsins (Guðný Eydal 2008).

Aðgangur að góðri daggæslu á sanngjörnu verði gegnir lykilhlutverki ífyrirsampættingu launavinnu og fjölskyldulífs. Það á einkum við um konur, en

**Mynd 12: Fjölskyldur ættu að fá niðurgreidda daggæslu barna þegar báðir foreldrar vinna utan heimilis**



erlendar rannsóknir benda til þess að skortur á slíkum úrræðum dragi mjög úr atvinnuþátttöku kvenna og festi einstæðar mæður og konur með litla menntun í fátæktargildrum, enda er það svo að í þeim löndum þar sem opinberir aðilar koma ekki að daggæslumálum á einhvern hátt getur reynst erfitt að fá dagheimilispláss auk þess sem sú daggæsla sem er í boði er gjarnan mjög dýr og af mjög misjöfnum gæðum (Scott o.fl. 2002). Stuðningur við niðurgreidda daggæslu er því í reynd stuðningur við vinnumarkaðspátttöku kvenna. Í kynhlutlausara samfélagi mætti hinsvegar líta á slíkan stuðning sem stuðning við samþættingu vinnu og heimilis fyrir bæði kynin.

Í mynd 12 sjáum við hlutfall svarenda í mismunandi löndum sem eru frekar eða mjög sammála því að foreldrar eigi að njóta niðurgreiddrar daggæslu þegar báðir foreldrar vinna utan heimilisins. Ísland er í efri kantinum í þessum samanburði, eða í 7.sæti af 19. Tæp 65% svarenda styður niðurgreidda daggæslu, sem hlýtur að teljast umtalsverður stuðningur, jafnvel þó Ísland raði sér ekki í eitt af allra efstu sætunum.

Fram á 10. áratug 20. aldar var framboði á daggæslu verulega ábótavant á Íslandi, þrátt fyrir að atvinnuþátttaka beggja kynja væri hér með mesta móti og vinnustundir fleiri en gengur og gerist í nágrannalöndunum. Þá var frjósemi í meira lagi hér í samanburði við hin Evrópulöndin (Ólöf Garðarsdóttir 2008). Á undanförunum árum hefur framboð á daggæslu hinsvegar aukist hratt. Í ljósi þessara staðreynda hefði ekki verið fráleitt að ætla að stuðningurinn við niðurgreidda daggæslu hefði verið jafnvel enn víðtækari en raun ber vitni (hann er t.d. minni en stuðningur við launað feðraorlof), enda ljóst að þörfin er fyrir hendi. Þó verður að hafa í huga að á undanförunum árum hefur ríkt mikil áhersla á markaðslausnir og sú áhersla hefur m.a. sett mark sitt á umræðu um daggæslumál. Ofuráhersla á markaðslausnir í bland við takmarkaðan skilning á afleiðingum þess fyrir atvinnuþátttöku kvenna ef að hið opinbera léti daggæslumál afskiptalaus kann að skýra hvers vegna umtalsverður hluti svarenda er á móti því að foreldrar hafi aðgang að niðurgreiddri daggæslu.

Í töflu 13 sjáum við viðhorf Íslendinga til niðurgreiddrar dagvistunar sundurgreind eftir kyni og aldri. Afstaðan kynjana er mjög svipuð. Aldur hefur

**Tafla 13: Fjölskyldur ættu að fá niðurgreidda daggæslu barna þegar báðir foreldrar vinna utan heimilis**

	Mjög sammála	Frekar sammála	Hvorki Né	Frekar Ósammála	Mjög ósammála
<b>Allir</b>	45,2%	19,7%	11,2%	12,2%	11,8%
<b>Karlar</b>	45,9%	19,2%	9,3%	11,1%	14,4%
18-30 ára	65,4%	21,2%	1,9%	5,8%	5,8%
31-40 ára	46,8%	24,2%	9,7%	11,3%	8,1%
41-50 ára	40,7%	17,4%	11,6%	14,0%	16,3%
51-60 ára	39,5%	19,7%	9,2%	13,2%	18,4%
61-70 ára	43,1%	13,7%	9,8%	9,8%	23,5%
<b>Konur</b>	44,5%	20,1%	12,9%	13,1%	9,4%
18-30 ára	50,9%	21,8%	12,7%	9,1%	5,5%
31-40 ára	52,1%	21,1%	8,5%	11,3%	7,0%
41-50 ára	47,6%	15,5%	19,0%	13,1%	4,8%
51-60 ára	47,1%	19,5%	10,3%	10,3%	12,6%
61-70 ára	25,7%	24,3%	12,2%	21,6%	16,2%

hinsvegar mjög mismunandi áhrif á afstöðu kynjana. Það er sérstaklega athyglisvert að stuðningurinn er mestur á meðal karlmannna í yngsta aldursflokknum, en þeir eru mun hlynntari niðurgreiddri daggæslu en konur í sama aldurshóp. Þá eru konur í elsta aldursflokknum hvað neikvæðastar. Engu að síður er stuðningur við niðurgreidda daggæslu almennur mjög almennur þar sem meirihluti svarenda af báðum kynjum og á öllum aldursbilum er hlyntur niðurgreiddri daggæslu.

Þær niðurstöður sem hafa verið kynntar í þessum hluta og þeim síðasta benda til þess flestir Íslendingar vilji draga umtalsvert úr verkskiptingu kynjana og vilji beita opinberum lausnum, s.s. fæðingarorlofi fyrir báða foreldra og niðurgreiddri daggæslu, að því marki. Stuðningur fólks við aukinn jöfnuð á milli kynjana virðist í senn vera í orði og á borði.

## 7. SAMANTEKT

Margt af því sem hefur komið fram í þessari grein kann að virðast mótsagnarkennt. Sumt bendir til þess að Íslendingar séu meðal frjálslyndustu

þjóða en annað ber vott um hefðbundnara hugarfar. Spurningin er hvort við getum gert grein fyrir niðurstöðunum á heildstæðan hátt án þess að gera lítið úr þeim mótsögnum sem kunna að leynast í viðhorfum fólks til kynhlutverka og verkskiptingar kynjana.

Á heildina lítið virðast Íslendingar aðhyllast frjálsslynd og framsækin sjónarmið. Þrátt fyrir að vera um miðbil í alþjóðlegum samanburði á hlutfalli svarenda sem telja það hlutverk karla að afla tekna og hlutverk kvenna að sjá um heimilið þá eru aðeins rétt tæp 20% sem aðhyllast þá skoðun. Þá telur stærstur hluti svarenda að bæði kynin eigi að afla heimilinu tekna. Þá er langsamlega stærstur hluti svarenda annaðhvort frekar eða mjög sammála því að karlar eigi að taka meiri þátt í heimilisstörfum og umönnun barna sinna. Jafnframt er víðtækur stuðningur við opinber úrræði á borð við fæðingarorlof beggja foreldra og niðurgreidda daggæslu sem auðvelda konum að samþætta vinnu og fjölskyldulíf og stuðla þannig að jafnari verkskiptingu kynjana.

Á hinn bóginn telur langflest fólk heppilegt að konur dragi verulega úr vinnu í kjölfar barneigna og takmarki vinnumarkaðsþátttöku sína við hlutastörf jafnvel eftir að yngsta barnið á heimilinu er komið í grunnskóla. Svörin við öðrum spurningum benda hinsvegar ekki til þess að þetta sjónarmið hvíli á þeirri hugmynd að launavinna mæðra komi niður á velferð barna og sambandi þeirra við móður sína (þó vel kunni að vera að svörin hefðu verið á annan veg ef spurt hefði verið um áhrif þess að mæður væru í fullu starfi). Stærra hlutfall svarenda telur að launavinna kvenna komi niður á fjölskyldulífinu almennt. Þeir sem eru þeirrar skoðunar eru þó ekki nema 40%. Þá skal því haldið til haga að jafnvel ef að launavinna kvenna kemur niður á fjölskyldulífinu þá er ekki þar með sagt að þetta sé aðeins vandamál kvenna þar sem aukin þátttaka karla í heimilishaldinu myndi að öllum líkindum vega upp á móti áhrifum launavinnu kvenna (sem er umtalsverð á Íslandi þrátt fyrir að vinnuframlag karla á heimilum geti vart talist mikið).

Íhaldssemi Íslendinga virðist ekki felast í afstöðu þeirra til verkskiptingar kynjana heldur birtist hún fremur í vissri eðlishyggju hugmyndum okkar um óskir karla og kvenna. Íslendingar eru sú þjóð í þeim hópi þjóða sem við skoðum hér



sem hefur hvað hefðbundnasta sýn á óskir kvenna. Stærsta hlutfall Íslendinga, af öllum þjóðum, telur að konur vilji stunda barnauppeldi og heimilishald umfram launaða vinnu. Það sem meira er, hærra hlutfall kvenna en karla er þeirrar skoðunar. Þá er stór hluti kvenna þeirrar skoðunar að móðurhlutverkið veiti jafn mikla fyllingu og frami á vinnumarkaði, þ.e. tæp 50% sem setur Ísland í 3. sæti yfir hefðbundnustu hugmyndirnar um kynhlutverk í þeim alþjóðlega samanburði sem liggur til grundvallar þessari greiningu. Jafnframt telur stór hluti svarenda að launavinna væri ekki endilega besta leiðin til að tryggja sjálfstæði kvenna, sem bendir til þess að fólk telji að framlag kvenna bæði innan og utan vinnumarkaðar sé metið til jafns við framlag karla.

Íslendingar virðast því almennt vera á þeirri skoðun að það eigi að draga úr verkskiptingu kynjana. Á hinn bóginn virðast þeir telja að þessi verkskipting sé að einhverju leyti afleiðing ólíkra óska kynjana. Það bendir til þess að Íslendingar vilji jafnari verkskiptingu án þess endilega að vilja breyta forsendum hennar. Það þýðir að sennilega er almennur vilji til að draga úr verkskiptingunni, en aðeins upp að vissu marki. Það er þó erfitt að segja til um það með fullri vissu. Til þess hefðum við t.d. þurft að spyrja spurninga á borð við hvort karlar ættu að taka þátt í heimilisstörfum og umönnun barna *til jafns við konur* auk þeirra spurninga sem við spurðum um hvort karlar ættu að taka þátt í heimilisstörfum og umönnun barna *í meira mæli en þeir gera í dag*. Niðurstöður úr öðrum rannsóknum benda þó til að það sé einmitt tilfellið (Kolbeinn Stefánsson 2008).

Á heildina litið virðist yngsti aldurshópurinn aðhyllast framsæknari og frjálslýndari viðhorf en þeir eldri. Það bendir til þess að til lengri tíma muni viðhorf þróast í átt til frjálslýndari og framsæknari viðhorfa. Sú þróun er þó síður en svo sjálfgefin. Það er háð ýmsum vandkvæðum að spá fyrir um þróun viðhorfa út frá aldursdreifingu þeirra í þversniðsgögnum. Fyrir það fyrsta getum við ekki aðgreint þann mun á milli kynslóða sem er tilkominn vegna afstöðumótandi aðstæðna á uppeldisárum þeirra frá þeim muni sem er tilkominn vegna öldrunar. Né heldur getum við gert grein fyrir áhrifum tíðarandans á hverjum tímavarki. Þá getur reynst vandasamt að greina áhrif sem eru tilkomin vegna aðstæðna sem tengjast tilteknum tímabilum lífshlaupsins. Í þeim gögnum sem liggja til grundvallar

Þessari rannsókn eru einmitt vísbendingar um að þær breytingar sem eiga sér stað í kjölfar barneigna hafi talsverð áhrif viðhorf fólks, en það er viðfangsefni sem ekki er unnt að gera viðunnandi skil hér enda verðskuldar það sjálfstæða rannsókn. Þá voru áhrif kyns og samspil aldurs og kyns ekki öll á einn veginn. Tengsl aldurs og viðhorfa til kynhlutverka og kynbundinnar verkskiptingar eru margþætt og flókin og því ekki ráðlegt að draga stórar ályktanir að svo stöddu.

#### HEIMILDIR:

Abramson, P., og Inglehart, R. (1992) "Generational Replacement and Value Change in Eight Western European Countries" í *British Journal of Political Science* 22(2), ss. 183-228.

- Ainsworth, M. (1964) "Patterns of attachment behavior shown by the infant in interaction with his mother" í *Merrill-Palmer Quarterly* 10, ss. 51-58.
- Baydar, N., & Brooks-Gunn, J. (1991). Effects of maternal employment and child care arrangements in infancy on preschoolers' cognitive and behavioral outcomes: Evidence from the children of the NLSY. *Developmental Psychology*, 27, 918-931.
- Bowlby, J. (1969). *Attachment and loss: Attachment*. New York: Basic Books.
- Brines, J. (1993) "The Exchange Value of Housework." í *Rationality and Society* 5, ss. 302-340.
- Bryndís Jónsdóttir og Gylfi Aðalsteinsson (2008) "Icelandic parents' perception of parental leave" í *Equal Rights to Earn and Care*, Guðný Eydal og Ingólfur V. Gíslason (Ritstj.). Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Capacent (2006) *Launamyndun og kynbundinn launamunur*. Reykjavík: Félagsmálaráðuneytið.
- Cohen, G. (1989) "On the Currency of Egalitarian Justice" í *Ethics* 99(4), ss. 906-944.
- Crompton, R. (2006) *Employment and the Family*. Cambridge: Cambridge University Press.
- Crompton, R., Brockman, M., and Lyonette, C. (2005) "Attitudes, Women's Employment and the Domestic Division of Labour", í *Work, Employment and Society* 19, ss. 213-233.
- Crompton, R., and Harris, F. (1997) "Women's Employment and Gender Attitudes: A Comparative Analysis of Britain, Norway and the Czech Republic" í *Acta Sociologica* 40: ss. 184-202.
- Crompton, R., and Harris, F. (1998) "Explaining Women's Employment Patterns: 'Orientation to Work' Revisited" í *The British Journal of Sociology* 49(1), ss. 118-136.
- Crompton, R. and Sanderson, K. (1990) *Gendered Jobs and Social Change*. London: Unwin Hyman.
- Crouch, C. (1999) *Social Change in Western Europe*. Oxford: Oxford University Press.

- Drobnic, S., Blossfeld, H-P., og Rohwer, G. (1999) "Dynamics of Women's Employment Patterns Over the Family Life Course: A Comparison of the United States and Germany" í *Journal of Marriage and the Family* 61(1), ss. 133-146.
- Dworkin, R. (2000) *Sovereign Virtue*. Cambridge MA: Harvard University Press.
- Elster, J. (1983) *Sour Grapes - Studies in the Subversion of Rationality*. Cambridge: Cambridge University Press.
- Fagan, C., og Rubery, J. (1996) "The Saliency of the Part-Time Divide in the European Union" í *European Sociological Review* 13(3), ss. 227-250.
- Folbre N, Hartmann H. (1989) "The persistence of patriarchal capitalism" í *Rethinking Marx* 2(4), ss. 90–96
- Guðný Eydal (2005) *Family Policy in Iceland 1944-1984*. Göteborg: Department of Sociology, Göteborg University.
- Guðný Eydal (2008) "Policies promoting care from both parents - the case of Iceland" í *Equal Rights to Earn and Care*, Guðný Eydal og Ingólfur V. Gíslason (Ritstj.). Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Guðný Eydal og Ingólfur V. Gíslason (Ritstj.)(2008) *Equal Rights to Earn and Care*. Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Hakim, C. (1996) "The Sexual Division of Labour and Women's Heterogeneity" í *The British Journal of Sociology* 47(1), ss. 178-188.
- Hakim, C. (2003) "A New Approach to Explaining Fertility Patterns: Preference Theory" í *Population and Development Review* 29(3), ss. 349-374.
- Hartman, H. (1981) "The Family as the Locus of Gender, Class, and Political Struggle: The Example of Housework" í *Signs* 6(3), ss. 366-394.
- Higgins, C., Duxbury, L., og Lee, C. (1994) "Impact of Life-Cycle Stage and Gender on the Ability to Balance Work and Family Responsibility" í *Family Relations* 43(2), ss. 144-150.
- Hochschild, A. (1989) *The Second Shift*. New York: Penguin Books.
- Ingólfur V Gíslason (2008) "You are regarded as weird if you don't use the paternity leave" í *Equal Rights to Earn and Care*, Guðný Eydal og Ingólfur V. Gíslason (Ritstj.). Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.

- Jacobs, J.A. 1989 *Revolving Doors: Sex Segregation and Women's Careers*, Stanford: Stanford University Press.
- Jonsson, J. Mills, C. (eds.) (2001) *Cradle to Grave: Life-Course Change in Modern Sweden* (Durham: Sociology Press)
- Jowel, R. (1998) "How Comparative is Comparative Research?" í *American Behavioral Scientists* 42, ss. 168-177.
- Kolbeinn Stefánsson (2008) "A Glass Half Full - Summary and Conclusions" í *Equal Rights to Earn and Care*, Guðný Eydal og Ingólfur V. Gíslason (Ritstj.). Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Kuechler, M. (1987) "The Utility of Surveys for Cross-National Research" í *Social Science Research* 16, ss. 229-244.
- Kuechler, M. (1998) "The Survey Method - An Indispensable Tool for Social Science Research Everywhere?" í *American Behavioral Scientists* 42, ss. 178-200.
- Lukes, S. (1968) "Methodological Individualism Reconsidered" í *The British Journal of Sociology* 19(2), ss. 119-129.
- MacDermit, S., Huston, T., og McHale, S. (1990) "Changes in Marriage Associated with the Transition to Parenthood: Individual Differences as a Function of Sex-Roles Attitudes and Changes in the Division of Household Labor" í *Journal of Marriage and the Family* 52(2), ss. 475-486.
- McPherson, M. Smith-Loving, L., og Cook, J. (2001) "Birds of the Feather: Homophily in Social Networks" í *Annual Review of Sociology* 27, ss. 415-444.
- Merton, R. (1995) "The Thomas Theorem and the Mathew Effect" í *Social Forces* 74(2), ss. 379-424.
- O'Reilly, J. and Fagan, C. (Ritstj.) (1998) *Part-time Prospects. An International Comparison of part-time work in Europe, North America and the Pacific Rim*. London: Routledge.
- Ólöf Garðarsdóttir (2008) "Fertility trends in Iceland in a Nordic comparative perspective" í *Equal Rights to Earn and Care*, Guðný Eydal og Ingólfur V. Gíslason (Ritstj.). Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.

- Phipps, S., og Burton, P. (1998) "What's Mine is Yours? The Influence of Male and Female Incomes on Patterns of Household Expenditure" í *Economica, New Series* 65(260), ss. 599-613.
- Presser, H. (1994) "Employment Schedules among Dual-Earner Spouses and the Division of Household Labour by Gender" í *American Sociological Review* 59, 348-64.
- Rawls, J. (1971) *A Theory of Justice*. Cambridge, MA: Harvard University Press.
- Rosenfeld, R., og Birkelund, G. (1995) "Women's Part-Time Work: A Cross-National Comparison" í *European Sociological Review* 11(2), ss. 111-134.
- Rubery, J., Smith, M., og Fagan, C. (1999) *Women's Employment in Europe. Trends and Prospects*. London: Routledge.
- Samuelson, P. (1948) "Consumption Theory in Terms of Revealed Preference Theory" í *Economica* 15(60), ss. 243-253.
- Sanchez, L., og Gager, C. (2000) "Hard Living, Perceived Entitlement to a Great Marriage, and Marital Dissolution" í *Journal of Marriage and the Family* 62 (3), ss. 708-722.
- Scott, G., Campbell, J., og Brown, U. (2002) "Child care, social inclusion and urban regeneration" í *Critical Social Policy* 22, ss. 226-246.
- Shelton, B. (1992) *Women, Men and Time: Gender Differences in Paid Work, Housework and Leisure*. Westport Connecticut: Greenwood.
- Shelton, B. and John, D. (1993) Does Marital Status Make a Difference? *Journal of Family Issues*, 14, 401-20.
- Sokoloff NJ. 1980. *Between Money and Love: The Dialectics of Women's Home and Market Work*. New York: Praeger.
- Stocker, M. (1990) *Plural and Conflicting Values*. Oxford: Clarendon Press.
- Tam, M. (1997) *Part-Time Employment: A Bridge or a Trap?* Aldershot: Avebury.
- Warr, P. (1987) *Work, Unemployment and Mental Health*. Oxford: Clarendon Press.
- Williams, K. (2003) "Has the Future of Marriage Arrived? A Contemporary Examination of Gender, Marriage, and Psychological Well-being" í *Journal of Health and Social Behaviour* 44(4), ss. 470-487.

Póroddur Bjarnason og Andrea Jónsdóttir (2008) "Egalitarian Attitudes Towards the Division of Household Labor Among Adolescents in Iceland" í *Sex Roles* 59, ss. 49-60. á að vera aftast